



Hjálparstarf  
kirkjunnar  
actalliance

Starfsskýrsla 2023–2024



QALFOOF



KALI

Sun Fard A.P.





## Efnisyfirlit

Starfið innanlands .....	5
Skjólíð – opið hús fyrir konur .....	21
Fræðsla og málsvarastarf .....	23
Starfið erlendis .....	26
Fjármál .....	42
Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk .....	45
Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar .....	46



## Inngangur

Í þessari starfsskýrslu getur þú lesið um fjölbreytt starf Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2023-2024.

Mannúðaraðstoð og þróunarsamvinna hefur farið fram í mörgum löndum. Í þeim efnum ber að þakka utanríkisráðuneytinu fyrir rammasamning sem tryggir góðan stuðning við þessi verkefni. Á Íslandi er einnig öflugt starf, neyðaraðstoð vegna fátæktar, stuðningur til barna og ungmenna vegna skólagöngu, ráðgjöf, valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð. Hér ber að þakka félags- og atvinnumálaráðuneytinu fyrir góðan stuðning og einnig Reykjavíkurborg. Einnig má nefna Skjólíð, sem er opið hús fyrir konur sem búa við heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður. Skjólíð er að mestu fjármagnað af þjóðkirkjunni og var sett á laggirnar í febrúar 2021 að frumkvæði Agnesar M. Sigurðardóttur biskups. Bestu þakkir til þjóðkirkjunnar.

Ekki má gleyma að þakka samtökum, klúbbum og fyrirtækjum fyrir þeirra góða stuðning. Bestu þakkir til fermingarbarna og sókna þjóðkirkjunnar fyrir þeirra framlag. Ekki síst ber að þakka einstaklingum sem hafa tekið þátt í söfnunum okkar um jól, páska, á haustin og söfnun fermingarbarna í byrjun nóvember. Burðarás í fjármögnun starfsins

eru reglulegir stuðningsaðilar sem við köllum Hjálparliða, meira en 3.500 einstaklingar sem styrkja starfið mánaðarlega, kærar þakkir.

Starfið á Íslandi er unnið í samstarfi við fólk um allt land, presta, djákna, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, sjálfbóðaliða og fleiri aðila. Faglegt starf, notendasamráð og sjálfbærni eru leiðarljós. Sama má segja um starfið erlendis. Það starf er unnið í samstarfi við Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna (ACT Alliance) og Lútherska heimssambandið (Lutheran World Federation) og staðarfólk og samtök í hverju landi fyrir sig. Fylgt er alþjóðlegum stöðlum um faglegt starf. Starfsfólk verkefna eru heimamenn sem þekkja tungumál, menningu og staðhætti í hverju landi.

Það er auðvelt að horfa á slæmt ástand um allan heim, stríð, efnahagskreppu, þurrka, flóð, ofbeldi og svona væri lengi hægt að telja og fallast hendur, en það má ekki gerast, það er von, það er hægt að bregðast við, það er hægt að stuðla að framförum. Lestu um það í þessari starfsskýrslu.

**Bjarni Gíslason,**  
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



HJÁLPARSTARF  
KIRKJUNNAR

# Starfið innanlands

Starfsár Hjálparstarfs kirkjunnar er frá 1. júlí til 30. júní ár hvert og allar upplýsingar um starfið miðast við starfsárið en ekki almanaksár.

Á nýliðnu starfsári var það staðfest enn og aftur að það eru einstæðir foreldrar, örorkulífeyrisþegar og innflytjendur sem verst standa þegar kemur að fátækt á Íslandi. Þetta kemur skýrt fram í starfi Hjálparstarfsins og opinberum gögnum. Þetta er rauði þráðurinn í skýrslu forsætisráðherra frá því í fyrra, sem ber heitið Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður, þar sem kom meðal annars fram að um 9.000 börn hafi talist undir lágtekjumörkum árið 2020 en alls reiknast 47.795 einstaklingar undir nefndum mörkum þegar tekið hefur verið tillit húsnæðisstuðnings og barnabóta.

Niðurstöður skýrslunnar eru í öllum aðal atriðum staðfesting á því sem starfsfólk Hjálparstarfsins upplifir í sínum störfum dag frá degi og á því hvernig þróun efnahagsmála undanfarin ár kemur illa við þann hóp sem leitar til Hjálparstarfsins að öllu jöfnu. Sífellt er barist við sömu draugana sem hitta þennan hóp illa fyrir; ógnarháan húsnæðiskostnað, aukinn eldsneytiskostnað og dýrari matarkörfu.

## Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk sem býr við kröpp kjör fær inneignarkort fyrir matvöru en einnig er veitt aðstoð vegna kaupa á lyfjum og foreldrar barna og unglinga fá aðstoð svo börnin verði síður útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis. Hjálparstarfið hefur hins vegar dregið úr almennri fataúthlutun.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru að öllu jöfnu beðnir um að mæta til viðtals við félagsráðgjafa með gögn um tekjur og útgjöld frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði Hjálparstarfsins um lágmarksfjárhæð til framfærslu.

Starfsárið 2023 – 2024 fjölgaði umsækjendum í heild nokkuð eða um tvö prósent og aðstoðarbeiðnum fjölgaði um 5,3 prósent miðað við starfsárið 2022 – 2023.

Fjöldi umsækjenda var 2.486 á síðasta starfsári en umsóknir voru 4.518.

Starfsárið 2022-2023 fjölgaði umsækjendum hins vegar um 12,1 prósent milli ára þegar þeir voru 2.438 og umsóknum um níu prósent frá starfsárinu á undan, en voru þá 4.290 alls. Fjöldi umsókna, þegar litið er sjö starfsár aftur, hefur hæst farið starfsárið 2019 – 2020 en voru þá 4.787.

Þegar rýnt er í tölfræði Hjálparstarfsins um framfærslu umsækjenda sem sóttu um efnislega aðstoð sést greinilega hvaða hópar eru í mestri þörf. Það eru þau sem reiða sig á örorkulífeyri og fjárhagsaðstoð síns sveitarfélags til framfærslu. Flestir eða 31,2% reiddu sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélags en 29,9% höfðu framfærslu af örorkulífeyri samanborið við 33,7% á fyrra starfsári, þegar sá hópur var stærstur í þessum samanburði.

Þegar horft er til fyrri ára teiknast upp nákvæmlega þessi mynd. Þó skal sérstaklega tekið til þess að 16,4% umsækjenda sem til Hjálparstarfsins leita höfðu atvinnu, sem þó dugði ekki til. Starfsárið á undan var þessi hópur 13,5% af þeim sem leituðu eftir efnislegri aðstoð og starfsárið 2020-2021 voru það 10,8% sem þetta átti við um. Þessi mikla fjölgun umsókna frá fólki sem hefur atvinnu er umhugsunarverð en skýringarnar geta verið margar og ólíkar eftir hverjum og einum umsækjenda.

Flestir sem leituðu til Hjálparstarfsins eða 68,3% leituðu aðstoðar í aðeins eitt skipti á starfsárinu 2023-2024. Flestir, eða 31,4% voru á aldrinum 30-39 ára, konur voru 68,8% umsækjenda og flest eða 48% voru einstæðir lögheimilisforeldrar.

Af þeim sem leituðu til Hjálparstarfsins bjuggu 61% í leiguíbúð eða leiguherbergi á almennum markaði og 72,2% bjuggu á höfuðborgarsvæðinu miðað við 62,2% starfsárið á undan. Alls voru 18,3% umsækjenda sem bjuggu í félagslegu leiguhúsnæði en 9,5% bjuggu í eigin húsnæði. Af þeim sem leituðu aðstoðar voru 52% með íslenskt ríkisfang samanborið við 61% starfsárið á undan. Þessi breyting er athyglisverð en hlutfall erlendra ríkisborgara í hópi umsækjenda hefur aldrei verið hærra.

Fjölskyldur sem leituðu aðstoðar hjá Hjálparstarfinu í fjögur skipti eða oftar á starfsárinu voru mjög nærri því sem var á starfsárinu á undan, eða 276 talsins eða 11,9% af heildinni. Á síðasta starfsári voru fjölskyldurnar 289 talsins.


Sú ályktun hefur verið dregin í fyrri starfsskýrslum að svo virðist sem að einstæðir lögheimilisforeldrar og barnafjölskyldur á aldrinum 30 – 39 ára, fólk sem hefur framfærslu af fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og íslenskt fólk jafnt sem erlent ríkisfang og býr í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu sé verst státt í íslensku samfélagi. Niðurstöður nýliðins starfsárs breyta þessari mynd ekki svo séð verði.

## Neyðaraðstoð Hjálparstarfsins 2023 - 2024


Á næstu síðum er yfirlit yfir þá efnislegu aðstoð sem Hjálparstarf kirkjunnar veitti á starfsárinu 2023 – 2024. Upplýsingarnar eru unnar upp úr skráningarkerfi félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem var tekið í notkun vorið 2020. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi en yfirlitið veitir góða innsýn í eðli og umfang aðstoðar sem veitt var og stöðu þeirra sem aðstoðar leituðu. Við vinnslu gagna var í hvívetna hugað að persónuvernd.



## Fjöldi umsækjenda og fjöldi skipta sem fólk leitaði eftir efnislegri aðstoð Breyting milli starfsára




## Tegund afgreiðslu um efnislega aðstoð







## Aldursdreifing umsækjenda og fjöldi umsókna innan hvers aldurshóps




## Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð



## Þjóðerni umsækjenda



## Fjölskyldugerð umsækjenda




\* Í skráningarkerfi Hjálparstarfsins eru einstæðir foreldrar barna sem eiga lögheimili annars staðar skráðir sem einstaklingar.


## Þjóðerni umsækjenda annað en íslenskt

 Palestína ..... 278	 Úganda ..... 15	 Srí Lanka ..... 4	 Frakkland ..... 1
 Sýrland ..... 263	 Albanía ..... 11	 Þýskaland ..... 4	 Grikkland ..... 1
 Pólland ..... 247	 Jemen ..... 11	 Bandaríkin ..... 3	 Grænland ..... 1
 Venesúela ..... 206	 Níger ..... 11	 Dóminíska lýðveldið ..... 3	 Hondúras ..... 1
 Úkranía ..... 159	 Túnis ..... 11	 Kasakstan ..... 3	 Hvíta-Rússland ..... 1
 Nígería ..... 154	 Danmörk ..... 7	 Senegal ..... 3	 Indland ..... 1
 Írak ..... 135	 Kólumbía ..... 7	 Serbía ..... 3	 Írland ..... 1
 Afganistan ..... 110	 Spánn ..... 7	 Ungverjaland ..... 3	 Ítalía ..... 1
 Óskráð ..... 98	 Grænhöfðaeyjar ..... 7	 Alsír ..... 2	 Japan ..... 1
 Rúmenía ..... 79	 Egyptaland ..... 6	 El Salvador ..... 2	 Króatía ..... 1
 Sómalía ..... 53	 Líbanon ..... 6	 Namibía ..... 2	 Mið-Afríkulýðveldið ..... 1
 Íran ..... 31	 Súdan ..... 6	 Argentína ..... 1	 Miðbaugs-Gínea ..... 1
 Marokkó ..... 31	 Makedónía ..... 5	 Armenía ..... 1	 Rúanda ..... 1
 Pakistan ..... 23	 Perú ..... 5	 Austur Kongó ..... 1	 Rússland ..... 1
 Litháen ..... 21	 Singapúr ..... 5	 Banglades ..... 1	 Sáði-Arabía ..... 1
 Filippseyjar ..... 18	 Taíland ..... 5	 Brasílía ..... 1	 Slóvakía ..... 1
 Líbía ..... 18	 Tyrkland ..... 5	 Búlgarí ..... 1	 Svíþjóð ..... 1
 Portúgal ..... 17	 Víetnam ..... 5	 Tjad ..... 1	 Tékkland ..... 1
 Gana ..... 16	 Epíópía ..... 4	 Ekvador ..... 1	
 Lettland ..... 15	 Kenía ..... 4	 Finnland ..... 1	


## Húsnæðiskostur umsækjenda um efnislega aðstoð




## Búsetusvæði umsækjenda



## Höfuðborgarsvæðið



## Framfærslugrunnur umsækjenda um efnislega aðstoð



Því er um töluverða fjölgun að ræða undanfarin ár frá því sem var, en á starfsárinu 2020-2021 voru fjölskyldurnar 213 sem þetta átti við um.

## Inneignarkort fyrir matvöru

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæðina sem lögð er inn á inneignarkortið og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Ef umsækjandi hefur þörf fyrir áframhaldandi aðstoð að tímabilinu liðnu býðst honum að koma aftur með uppfærð gögn um tekjur og útgjöld.

Á starfsárinu 2023 – 2024 breytti Hjálparstarfið í tvígang viðmiði sínu um lágmarksfjárhæð til framfærslu vegna verðhækkana og hækkaði einnig viðmiðunarupphæðir á inneignarkortum fyrir matvöru. Aðstoð sem veitt var tók eftir sem áður mið af fjölskyldugerð og aðstæðum hvers og eins.

Á starfsárinu 2023 - 2024 fengu 2.563 fjölskyldur inneignarkort fyrir matvöru í samtals 3.296 skipti, þar af í 1.724 skipti í aðdraganda jóla en til samanburðar fengu 2.092 fjölskylda inneignarkort í samtals 3.289 skipti á starfsárinu 2022 – 2023, þar af í 1.783 skipti í desember. Þannig fjölgaði þeim fjölskyldum sem fengu inneignarkort fyrir matvöru á starfsárinu 2023 – 2024 um 22,5 prósent miðað við árið á undan en beiðnirnar eru nálægt því jafn margar milli ára.

## Aðstoð við lyfjakaup

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð með því að hafa milligöngu um lyfjakaup vegna slysa eða veikinda. Ekki er unnt að veita aðstoð eftir að lyf eru keypt og aðstoð er ekki veitt við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf.

Á starfsárinu 2023 – 2024 nutu 246 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 422 skipti. Á starfsárinu 2022 – 2023 fengu 241 einstaklingar þessa aðstoð í 385 skipti.

## Notaður fatnaður

Fatamiðstöð Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem fólk gat sótt sér vel með farinn fatnað án endurgjalds var lokuð í nokkurn tíma á starfsárinu 2021 – 2022 vegna sóttvarna í heimsfaraldri. Þá var ákveðið að takmarka mjög móttöku fatnaðar og húsbúnaðar frá almenningi og að breyta fyrirkomulagi á fataúthlutun á þann veg að framvegis yrði eingöngu tekið við vetrarfatnaði sem yrði aðallega til úthlutunar í upphafi skólaárs. Látið var af vikulegri fataúthlutun með aðstoð sjálfboðaliða en félagsráðgjafar aðstoða áfram fólk í sárri neyð.

Á starfsárinu fengu fjölskyldur notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu í samtals 78 skipti. Til samanburðar sótti fólk sér fatnað hjá Hjálparstarfinu í 41 skipti starfsárið 2022 – 2023.





*Þau sem heimsækja Hjálparstarfið til að styðja starfið koma úr öllum áttum.*



## Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk í brýnni þörf fær einnig vel með farinn sparifatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði.

Barnafjölskyldur fá aðgöngumiða í leikhús og/eða kvikmyndahús og inneignarkort á veitingastöðum sem eru vinsælir meðal barna og unglinga. Foreldrar njóta einnig aðstoðar svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Alls fengu fjölskyldur um land allt inneignarkort og fleira í 1.724 skipti fyrir jólin 2023 samanborið við 1.783 skipti fyrir jólin 2022.

Leita verður aftur til hrunáranna 2009 – 2010 til að finna fleiri umsækjendur um jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar en fyrir jólahátíðirnar 2022 og 2023. Þegar allt er talið fengu á milli sautján og átján hundruð fjölskyldur aðstoð til að geta gert sér dagamun og glaðst um hátíðirnar 2022 og 2023.

Þegar rýnt er í gögn Hjálparstarfsins um aðstæður fólksins sem leitaði eftir aðstoð kemur í ljós að mikill meirihluti býr í leiguhúsnæði. Lang stærsti hópurinn leigði íbúð á almennum markaði. Nú sem fyrr blasir því við að húsnæðiskostnaður er megin ástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Aftur og aftur sjá félagsráðgjafar Hjálparstarfsins dæmi þess að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítill hluti greiddra launa eftir.

Þetta er þó ekkert nýtt. Svo langt sem horft er aftur koma sömu ástæður í ljós fyrir bágrí stöðu fólks. Því er fólk sífellt að glíma við sömu draugana sem er ekki síst ógnarhár húsnæðiskostnaður.

Fyrir jólin 2022 fengu 1.783 fjölskyldur aðstoð Hjálparstarfsins en 1.724 fyrir nýliðin jól, eins og áður sagði. Árin þar á undan voru þær öllu færri eða um 1.400 fjölskyldur að meðaltali á árabílinu 2011 – 2021. Má í samhengi minnst þess að hrunárin 2009 og 2010 leituðu um og yfir 4.000 fjölskyldur til Hjálparstarfsins hvort ár.

Sú regla er viðhöfð hjá Hjálparstarfinu við útteilingu aðstoðar á aðventunni að

barnafjölskyldur ganga fyrir við úthlutun. Því stendur því stór barnahópur að baki þeim umsóknum sem Hjálparstarfinu berast á aðventunni. Það er reynsla félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að hið minnsta séu þrjú börn að meðaltali að baki hverri fjölskyldu sem fær aðstoð. Kemur það til vegna þess að allstór hluti þeirra fjölskyldna sem fá aðstoð, eða um 40%, eru af erlendum uppruna og margar barnmargar. Má hiklaust gera ráð fyrir að á milli fimm og sex þúsund manns hafi notið aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir jólin nú og jólin 2022.

Után höfuðborgarsvæðisins var aðstoðin veitt í góðu samstarfi við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir, Rauða krossinn og kirkjusóknir víðs vegar um landið. Þá er vert að nefna ómetanlegt vinnuframlag sjálfbóðaliða Hjálparstarfsins í desember.

## Aðstoð við börn og unglinga

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Sveitarfélögin í landinu útvega skólagögn án endurgjalds og tók aðstoð Hjálparstarfsins breytingum samkvæmt því. Stuðningurinn á starfsárinu fólst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem höfðu ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttabúnað og fleira sem til féll í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Samtals fékk foreldri 253 grunnskólabarna (109 fjölskyldur) fyrir þau skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs haustið 2023. Foreldrar 152 barna og unglinga yngri en 18 ára fengu styrk á síðasta starfsári til þess að stunda íþróttir, listnám og tómstundastarf með jafnöldrum sínum. Á starfsárinu fengu auk þess börn og foreldrar þeirra árskort í húsdýragarðinn.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshefu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátækta. Á starfsárinu nutu 32 ungmenni styrks úr sjóðnum til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði.

## Ráðgjöf

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar sem leggja höfuðáherslu á að hlusta á og ræða við einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Félagráðgjafarnir benda jafnframt á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast fólki við að takast á við erfiðar aðstæður.

Á starfsárinu veittu félagsráðgjafar Hjálparstarfsins fólki af 79 mismunandi þjóðernum ráðgjöf og efnislegan stuðning samanborið við 66 þjóðerni starfsárið á undan. Sem fyrr var þjónustan þung í vöfum vegna tungumálaörðugleika umsækjenda af erlendu þjóðerni og þekkingarleysi þeirra á íslensku samfélagi. Því var mikil þörf fyrir ráðgjöf og leiðsögn um félagsþjónustu sveitarfélaga og um réttindi og skyldur fólks í mismunandi aðstæðum.

## Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf fólks í félagslegri neyð en til þess að fólk komist út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á heilðrænan hátt.

Með það að markmiði að stuðla að aukinni virkni fólks í félagslegri neyð skipuleggja félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar reglulega sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf í samráði við þá sem leita aðstoðar hjá stofnuninni.

## Saumó - taupokar með tilgang

Verkefnið á upphaf sitt að rekja til ársins 2017 og er fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda sem eru útsettar fyrir félagslegri einangrun. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur hefur gefið og læra að sauma úr því margvíslega nytjahluti. Einnig hafa þær gert skartgrip og heklað. Árinu mun ljúka með útsaumi og þrjónaskap.

Verkefnið stuðlar að aukinni virkni kvennanna og mikilvægum félagsskap þeirra í milli um leið, en flestar þeirra koma frá Venesúela, Afganistan og nokkrum Afríkulöndum.



Verkefnið er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn og hittist hópurinn á mánudögum og fimmtudögum, og lærir íslensku á þriðjudögum.

Á starfsárinu 2023 – 2024 mættu að meðaltali 30 konur og börn þeirra í hvert skipti. Vanalega hittist hópurinn í húsnæði Hjálpræðishersins, en síðastliðið sumar var hópurinn í einn mánuð á Dalbraut, þjónustuíbúðum aldraðra, sem var ánægjulegt uppbrot í starfinu. Einnig var farið í hina árlegu vorferð og orðu Gullfoss, Geysir og Efsti Dalur fyrir valinu.

Verkefnisstýra Hjálparstarfsins er Hildur Loftsdóttir.

## Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Mæður sem búa við örorku hafa lýst stöðu sinni svo fyrir félagsráðgjöfum Hjálparstarfsins að fá úrræði standi þeim til boða og að þannig minnki virkni þeirra enn frekar. Minni virkni auki vanlíðan og félagslega einangrun og að með tímanum verði erfitt að ná sér upp úr þeim vítahring.

Þetta var kveikja verkefnisins Statту með sjálfri þér – virkni til farsældar. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.

Á nýliðnu starfsári naut Hjálparstarfið ómetanlegs stuðnings félags- og vinnumálaráðuneytisins og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs til þessa viðamikla valdeflingarverkefnis en fjórir hópar kvenna hafa nú lokið þátttöku í sambærilegu verkefni frá árinu 2016. Fjórði hópurinn hóf þátttöku í nýju valdeflingarverkefni til tveggja ára í september 2022 en því lauk á vordögum. Féll því síðara ár fjórða hóps verkefnisins innan nýliðins starfsárs.

Í upphafi verkefnisins, sem er konunum að kostnaðarlausu, biður félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hverjum þátttakanda fyrir sig í viðtal þar sem konurnar setja sér markmið út frá áhugasviði og styrkleikum. Konurnar mæta reglulega í einkaviðtöl þar sem félagsráðgjafi hjálpar þeim við að koma auga á lausnir á erfiðum úrlausnarefnum og í sameiningu er farið yfir hvernig miðar að settu marki.

Auk viðtalstíma hjá félagsráðgjafa hittast þátttakendur vikulega á fræðslufundum yfir vetrartímann. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur umsjón með fundunum en dagskrá þeirra er ákveðin í samráði við konurnar sjálfar.

Á námskeiðinu sem lauk á starfsárinu voru þátttakendur sem útskrifuðust 9 talsins en 14 hófu námskeiðið. Þátttakendur voru á aldrinum 29 til 48 ára og eiga þær allar börn á grunnskólaaldri ásamt eldri og/eða yngri börnum. Misjafnt er hvort öll börnin séu búsett hjá þeim. Einhverjar af konunum eru í sambúð en flestar eru einstæðar. Sumar þeirra hættu skólagöngu strax eftir grunnskóla en aðrar stunda eða hafa klárað nám. Þá er misjafnt hversu lengi konurnar hafa verið á örorku en flestar þeirra eru á örorku vegna andlegra veikinda eins og kvíða, þunglyndis eða annarra geðrænna vandkvæða. Konurnar eru komnar mislangt í sjálfsvinnu.

Könnun er lögð fyrir þátttakendur um árangur námskeiðsins að því loknu og spurt um áhrif þess á líf þeirra og líðan. Konurnar segja frá því, og á það við um alla hópana fjóra, að þeim líði mun betur. Þær hafi lært nýjar leiðir til að nálgast börnin sín, að þær væru virkari. Eins að þeim tækist betur að setja mörk og að þær stæðu betur með sjálfum sér. Þá höfðu sumar þeirra komið fjármálum í lag og nokkrar höfðu hafið eða höfðu áform um að hefja nám.

## Sumarfrí á eigin vegum

Þegar fólk hefur lítið á milli handanna fara tekjurnar fyrst og fremst í að greiða fyrir húsnæði og að tryggja að matur sé á borðum fyrir börnin. Margar af þeim barnafjölskyldum sem leita til Hjálparstarfsins hafa ekki efni á því að fara í sumarfrí og geta því ekki safnað dýrmætum minningum sem börn vilja gjarnan deila með bekkjarfélögum að hausti.

Sumarið 2020 þegar landsmenn fengu ferðagjöf frá stjórnvöldum til að ferðast innanlands ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að aðstoða barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör við að komast í sumarfrí að eigin vali. Verkefnið heppnaðist afar vel en alls fór þá 21 fjölskylda, foreldrar og samtals 45 börn, í sumarfrí innanlands með aðstoð Hjálparstarfsins.

Undanfarin sumur hefur verkefnið aðeins styrkt sig í sessi í flóru valdeflingarverkefna Hjálparstarfsins. Sumarið 2021 fengu 33 fjölskyldur, foreldrar og samtals 77 börn, stuðning við að komast í frí að eigin vali. Sumarið 2022 fóru 24 fjölskyldur, foreldrar og samtals 50 börn, í sumarbústað í Skorradal og fengu fjölskyldurnar inneignarkort fyrir matvöru og Hjálparstarfið greiddi fyrir afþreyingu eins og t.d. reiðtúra, hellaskoðunar- eða sundferðir. Sumarið 2023 voru það 29 fjölskyldur, foreldrar og samtals 75 börn, sem fengu stuðning til að komast í frí í Skorradal á vegum Hjálparstarfsins og gera sér glaðan dag á sama hátt og fyrr var lýst.

Á nýliðnu sumri voru það 28 fjölskyldur, foreldrar og samtals 82 börn, sem fengu stuðning til að komast í frí í Skorradal á vegum Hjálparstarfsins og gera sér glaðan dag á sama hátt og fyrr var lýst.

Á þessum fimm árum sem liðin eru síðan verkefninu var hleypt af stokkunum hafa því 135 fjölskyldur og samtals 329 börn fengið tækifæri til að líta upp úr daglegu amstri og varið dýrmætum um tíma saman.

## Borðum saman

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og samfélags Ahmadiyya múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið með verkefninu var að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Í heimsfaraldrinum lá verkefnið að mestu niðri en sumarið 2022 mættu fulltrúar safnaðarins hins vegar fjórum sinnum og elduðu hádegisverð í Skjólínu – opnu húsi fyrir konur sem búa við heimilisleysi. Starfið lá að mestu niðri á á nýliðnu starfsári en boðið var upp á hádegisverð í Skjólínu í eitt skipti í júlíbyrjun samanborið við átta skipti frá miðjum júlí til júníloka starfsárið á undan.



## Skjólíð – opið hús fyrir konur

Skjólíð er opið hús Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir konur sem búa við heimilisleysi, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður.

Skjólíð er til húsa við hlið skrifstofu Hjálparstarfsins á neðri hæð Grensáskirkju og var á starfsárinu opið klukkan 10 – 15 virka daga. Í Skjólínu geta konurnar sinnt grunnþörfum sínum fyrir hvíld, næringu og persónulegt hreinlæti auk þess sem starfskonur og aðrir fagaðilar eru til staðar og sinna þörfum kvennanna fyrir samveru og nánd.

Umsjónarkona Skjólísins starfar í 100% starfshlutfalli og ber ábyrgð á faglegu starfi þess. Auk hennar eru í Skjólínu tvær starfskonur í hlutastarfi en að starfinu koma einnig djáknar þjóðkirkjunnar.


Þjóðkirkjan fjármagnar að mestu rekstur Skjólísins sem var formlega opnað þann 25. febrúar 2021.

Á nýliðnu starfsári komu 62 konur í 1,257 heimsóknir á þeim 239 dögum sem Skjólíð var opið. Þar af var 21 kona að koma í fyrsta skipti. Konurnar voru á aldrinum 22 – 66 ára en flestar þeirra, eða 60% þeirra, voru á aldrinum 26 – 45 ára. Allar þjuggu þær við flókinn og mikinn vanda, áfallasögu og höfðu misst tókin á tilverunni.

Á starfsárinu 2022 – 2023 komu í Skjólíð 71 kona í samtals 1.916 skipti á þeim 251 degi sem Skjólíð var opið. Þar af var 31 kona að koma í fyrsta skipti.

Að meðaltali heimsóttu fimm konur Skjólíð á hverjum virkum degi á starfsárinu 2023 – 2024 en heimsóknirnar voru mismargar eftir mánuðum. Flestar heimsóknir voru í júlí 2023 eða 162 og voru að meðaltali átta konur í heimsókn á hverjum degi. Að meðaltali komu 23 konur í heimsókn í hverjum mánuði, flestar í september 2023 og júní 2024 eða 29 konur. Í fyrsta skipti á heilu starfsári liðu dagar án þess að nokkur kona kæmi í heimsókn en það gerðist fyrst 9. nóvember 2023 og svo tvo daga í byrjun janúar 2024. Á starfsárinu 2022 – 2023 náðu heimsóknir hámarki í október 2022 þegar heimsóknirnar voru 201 en ásókn var mikil fram í mars 2023. Eins og á nýliðnu starfsári komu 23 konur að meðaltali í heimsókn í hverjum mánuði á starfsárinu 2022 – 2023.

### Aldur kvenna sem heimsóttu Skjólíð




Á nýliðnu starfsári fækkaði nýjum konum um 10 sem getur útskýrt fækkun heimsóknna á milli ára en einnig voru opnunardagar færri. Margar af þeim konum sem hafa verið að koma reglulega til okkar í heimsókn hafa fengið úthlutað búsetuúrræði og hefur þörfin því að einhverju leyti minnkað fyrir daglegar heimsóknir en konurnar koma þó til að sækja í tengslin til að draga úr einsemd. Þær konur sem komust í langtímameðferðir hafa einnig haldið tengslin, komið í heimsókn þegar þær hafa haft tók á og hringt í okkur til að fá spjall.

Af þeim konum sem heimsóttu Skjólíð á starfsárinu 2023 – 2024 var það undantekning ef þær voru með lögheimili annars staðar en á Íslandi en 79% kvennanna eru af íslenskum uppruna en aðrar eiga ættir að rekja til annarra landa. 77% kvennanna eru með lögheimili í Reykjavík, 13% þeirra með lögheimili annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, 5% á landsbyggðinni og í 5% tilvika er það ekki vitað eða erlendis.

Húsnæðiskostur kvennanna breyttist oft hratt. Kona sem leitaði að neyðarnætgistingu í Konukoti svaf nokkrar nætur í ótryggum aðstæðum, á gistiheimili þegar hún hafði efni á því eða í tjaldi þegar veður leyfði. Hún gæti einnig hafa fengið úthlutað íbúð hjá Félagsbústöðum eða fundið sér íbúð á leigumarkaði. Stundum staldraði hún við en oft hafði hún ekki tók á að halda heimili og var innan skamms orðin heimilislaus aftur. Flestar kvennanna bjuggu því við langvarandi eða ítrekað heimilisleysi en eru nánast án undantekningar skráðar heimilisláusar við fyrstu heimsókn í Skjólíð. Upplýsingar um stöðu kvennanna á húsnæðismarkaði eru því ekki marktækar við lok starfsárs þar sem aðstæður geta breyst oft og hratt.

Fjölbreytt samstarf er við félagsráðgjafa Hjálparstarfsins en flestar konurnar sem sækja Skjólíð heim hafa á einhverjum tímapunkti nýtt sér þjónustu Hjálparstarfsins áður og eru því ekki ókunnugar starfseminni eða hverfinu. Konurnar hafa fengið aðstoð við lyfjakaup í einhverjum tilfellum og jafnvel matarkort ef þær hafa verið með skipulagða umgengni við börnin sín. Aðkoma Biskupsstofu er jafnframt afar mikilvæg fyrir Skjólíð og er starfið í sífelldri þróun.

## Fjöldi heimsókna eftir mánuðum



# Fræðsla og málsvarastarf

## Rafrænt Fréttabréf Hjálparstarfsins

Á starfsárinu 2023 – 2024 var Fréttabréf Hjálparstarfs kirkjunnar gefið út í þrjú skipti, eins og hefð hefur skapast fyrir. Árið 2022 var tekin sú ákvörðun að gefa fréttabréfið út á stafrænu formi eingöngu og ritið auglýst á öllum helstu vefmiðlum landsins. Var farin sú leið við útgáfu á fyrstu tveimur tölublaðum starfsársins 2021-2022. Þriðja tölublað starfsársins var einnig gefið út á stafrænu formi en gerðar breytingar á kynningu þess þar sem samfélagsmiðlar voru nýttir í stað vefmiðla. Sú aðferðafræði er nú alfarið nýtt við kynningu ritsins. Þessi breyting hefur skilað markverðum árangri.

Frá og með fyrsta tölublaði ársins 2023 var sú breyting einnig gerð að heiti fréttabréfsins Margt smátt... var fellt niður og ber nú einfaldlega heitið Fréttabréf Hjálparstarfs kirkjunnar. Þá voru gerðar miklar útlitsbreytingar á fréttabréfinu sem virðast hafa fallið í góðan jarðveg lesenda.

Í öllum þremur tölublaðum starfsársins, sem eru aðgengileg á vefsíðu Hjálparstarfsins, er sagt frá fjölbreyttum verkefnum Hjálparstarfsins og lesendur hvattir til að leggja starfinu lið - meðal annars með því að greiða valgreiðslu Hjálparstarfsins í heimabanka.

Hjálparstarfið leggur áherslu á að Hjálparliðar sem styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi fái reglulega fréttir af starfinu og sjái þannig hversu mikilvægur stuðningur þeirra er. Hjálparliðar fá því reglulega fréttir af starfinu sendar í tölvupósti.

## Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á starfsárinu var haldið áfram að bæta vefsíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, [www.hjalparstarfkirkjunnar.is](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is) og gerðar á síðunni nokkrar breytingar. Flestar þeirra lutu að því að gera vefsíðuna aðgengilegri fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfsins en útlit vefjarins og virkni var einnig bætt. Má þar nefna breytingar á framsetningu fréttar. Gagnvirk kort og þýðingavél var gerð aðgengileg notendum í lok síðasta starfsárs og hafa þær breytingar nýst vel að sögn félagsráðgjafa.

Í byrjun desember 2022 var áherslum í kynningarmálum Hjálparstarfsins breytt og gerð gangskör að því að stórfjölg fréttum af starfinu frá því sem

verið hefur. Með þessari breytingu var starf Hjálparstarfsins gert sýnilegra með samþættingu fréttaflutnings á vefsíðu og samfélagsmiðlum. Fréttir og umfjallanir hvers konar eru birtar jafnt og þétt yfir árið, en fréttamiðlun var einnig aukin í tengslum við árlegar valgreiðslusafnanir og í samhengi þegar stór fréttamál risu í samfélaginu er tengjast starfi Hjálparstarfsins beint eða óbeint.

Sú nýjung í kynningarstarfi Hjálparstarfsins var tekin upp á starfsárinu að birta „fræðslupróf“ á samfélagsmiðlum. Þar var horft til málefna sem skipta skjólstæðinga Hjálparstarfsins miklu máli, eins og kostnað fjölskyldna við upphaf skólagöngu og frístundir barna og unglunga. Slíkt próf fór í loftið við upphaf skólaársins og í tengslum við haustöfnun Hjálparstarfsins. Á aðventunni var með áþekku prófi vakin athygli á þeim kostnaði sem fellur til við jólahald fjölskyldna og um páska var sjónum beint að sligandi háum húsnæðiskostnaði, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum innanlandsstarf Hjálparstarfsins.

Próf þessi vöktu mikla athygli og þúsundir landsmanna gaumgæfðu innihald þeirra. Þannig var bæði hægt að upplýsa áhugasama um einstök mál sem varða Hjálparstarfið og skjólstæðinga þess sérstaklega og kynna starfið almennt séð í leiðinni. Árangurinn af prófunum er athyglisverður eins og eftirfarandi dæmi sýnir.

Ákveðið var að horfa til leigumarkaðarins í fræðslu um nýliðna páska. Fræðslupróf var annars vegar sett í loftið 20. mars og var í birtingu til 9. apríl en einnig yfir mánaðamótin apríl/maí. Þess utan voru sögur af starfinu nýttar til kynningar og voru þær sjö alls. Sögurnar voru settar í loftið 22. mars og voru teknar niður 9. apríl en jafnframt birtar aftur mánaðamótin á eftir.

Tölfræði um birtingar sýnir að 9.677 tóku fræðsluprófið og 1.699 skráðu sig að því loknu. Auglýsingar um prófið náðu til 153.370 manns.

Sögurnar sjö voru lesnar af 4.675 manns og náðu auglýsingarnar til 92.777 manns.

Sú tilraun að setja allt kynningarefnið aftur í birtingu í nokkra daga mánaðamótin eftir páska var gerð til að kanna hvort það skili árangri. Var það ekki síst gert til að safna mikilvægum upplýsingum um hvernig haga má birtingu á kynningarefni sem þessu sem hámarkar nýtingu á birtingarkostnaði. Niðurstaðan varð sú að 4.100 manns tóku prófið og lásu sögurnar við seinni birtingu kynningarefnisins. Bendir það til að þessi aðferð sé vel þess virði til að hámarka árangur kynningar eins og þessarar og framhald verður gert á gerð og birtingu fleiri slíkra prófa.

Við þetta er að bæta að áhugasömum gefst tækifæri til að skrá sig sem Hjálparliða á vefsíðu Hjálparstarfsins og styrkja starfið með reglulegum hætti en þar er einnig boðið upp á ýmsar aðrar leiðir til að leggja starfinu lið.

Á samfélagsmiðlum segjum við frá verkefnum, viðburðum og ýmsu sem tengist starfinu og hvetjum fólk jafnframt til að leggja starfinu lið. Undir lok starfsárs höfðu 6.045 manns líkað við Facebooksíðu Hjálparstarfsins miðað við 5.920 manns undir lok starfsársins 2022 – 2023. Skjólíð sem opnaði dyr sínar í febrúar 2021 heldur úti sjálfstæðri Facebooksíðu en 825 fylgdust með síðunni undir lok starfsársins.

## Fræðsla fyrir fermingarbörn og almenning

Starfsfólk Hjálparstarfsins fræddi börn í fermingarfræðslu í sóknum vítt um landið um þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu og Úganda á haustönn og í febrúar.

Framkvæmdastjóri, félagsráðgjafar, verkefnastýra erlendra verkefna og fræðslufulltrúi héldu fræðsluerindi fyrir nemendur, félagasamtök og kirkjugesti á starfsárinu.

## Vinir Hjálparstarfs kirkjunnar

Vinahópur Hjálparstarfs kirkjunnar er skemmtileg nýjung sem hefur fest sig í sessi. Hugmyndin er að fólk geti hist stuttlega í safnaðarheimili Grensáskirkju í hádeginu síðasta mánudag hvers mánaðar yfir vetrartímann, borðað er saman, hlustað á stutt erindi og rætt málefni Hjálparstarfsins. Þá er rætt hvernig hver og einn, sem og hópurinn í heild, getur stutt við starf Hjálparstarfsins.

Í lok apríl hittist hópurinn í sjötta skiptið á starfsárinu en um og yfir 20 velunnarar Hjálparstarfsins mættu hverju sinni í þau skipti sem hópurinn var boðaður saman.

Yfir snæðingi hefur margt borið á góma. Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, sagði í október 2022 frá þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfsins í Malaví sem þá var nýhafið. Þá um veturinn var sagt frá starfinu í Skjólínu opnu húsi fyrir konur sem glíma við heimilisleysi. Eins verkefnum Hjálparstarfsins í Úganda og stöðu þurfandi fólks í íslensku samfélagi. Þá var á síðasta fundi vetrarins fjallað um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og hjálparstarf ACT Alliance (Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna) í því samhengi.

Þennan veturinn var ekki síður fjölbreytt dagskrá. Fjallað var um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og hjálparstarf ACT Alliance, sem Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að. Aðventu- og jólatíminn er háannatími hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og var greint frá í hverju það felst í sérstöku erindi í nóvember. Í mars bar Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar hópnum glænýjar fréttir af störfum Hjálparstarfsins í Malaví og Ólafur Egilsson, fyrrum sendiherra, fjallaði um sögu Hjálparstarfsins í erindi aprílmánaðar.

Hugmyndin að Vinum Hjálparstarfsins kviknaði hjá séra Bjarna Þór Bjarnasyni, sóknarpresti í Seltjarnarneskirkju, og með honum í undirbúningshópnum eru Halldór Kristinn Pedersen og Erik Pálsson, auk starfsfólks Hjálparstarfs kirkjunnar og presta og starfsfólks Grensáskirkju.

## Rödd í hefðbundnum miðlum

Fjölmiðlar leituðu til fulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið um kring. Nú sem fyrr er leitað til starfsfólks Hjálparstarfsins um upplýsingar er varða fátækt á Íslandi og fjölbreyttar birtingarmyndir hennar. Á hverjum tíma endurspeglar það efnahagsástandið og á það ekki síst við síðustu misserin. Ekki var síst leitað upplýsinga um ógnarháan húsnæðiskostnað þess hóps sem leitar til Hjálparstarfsins. Þá voru skyndilánaskuldir, sem eru að sliga stækkandi hóp í samfélaginu, til umfjöllunar og varða Hjálparstarfið sérstaklega enda tekur fólk sem lítið hefur á milli handanna slík lán fyrir matvöru, fatnaði og æfingagjöldum barna sinna hjá skyndilánafyrirtækjum.

## Þátttaka í EAPN á Íslandi

EAPN er evrópskt tengslanet sem fjallar um leiðir til að þróa árangursríkar aðferðir og beita þeim til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun. Stofnað var til tengslanetsins í Evrópu árið 1990 en Íslandsdeildin var stofnuð árið 2011.

EAPN á Íslandi eru regnhlífarsamtök þeirra félaga sem vinna að farsæld fyrir alla hér á landi. Aðildarfélögin sem standa að samtökunum héraðs eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleikspjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands.





## Starfið erlendis

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Í verkefnum á alþjóðavettvangi starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og systurstofnunum í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna – ACT Alliance. Í samtökunum eru nú 152 kirkjutengdar hjálparstofnanir sem starfa í 127 löndum, í þróunarsamvinnu og við að veita mannúðaraðstoð.

Samtök og stofnanir í ACT Alliance verða að fylgja ströngum stöðlum um faglegt hjálparstarf sem er byggt á náungakærleik og á þeirri forsendu að við eigum öll jafnan rétt á því að njóta verndar og að grunnþörfum okkar sé mætt.

Einn af kostum þess að vinna með staðbundnum félagasamtökum og systurstofnunum í ACT Alliance er að þær eru þegar á vettvangi, þær vinna í grasótinni, tala tungumálið og þekkja menninguna. Þær eru kunnugar staðháttum. Alveg eins og Hjálparstarf kirkjunnar vinnur hér heima í samfélaginu í samstarfi við presta og þjónustuveitendur ríkis og sveitarfélaga.

Á átakasvæðum tekur Hjálparstarf kirkjunnar ekki afstöðu til deilumála stríðandi fylkinga. Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, trúarskoðanna eða pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir fjárstyrk Hjálparstarfsins, hjálparbeiðnum sem berast og mati stofnunarinnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

## Mikilvægir rammSAMINGAR

Á starfsárinu 2021 – 2022 undirritaði utanríkisráðherra rammSAMINGA við Hjálparstarf kirkjunnar um stuðning ráðuneytisins við verkefni á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu til loka árs 2024.

Samkvæmt samningunum lagði utanríkisráðuneytið til framlag sem nemur allt að 95% af kostnaði við skilgreind mannúðarverkefni, samtals 50 milljónir króna árlaga, og allt að 80% af kostnaði við skilgreind verkefni í þróunarsamvinnu, þar af 70 milljónir króna árið 2022, 80 milljónir króna árið 2023 og 90 milljónir króna árið 2024.

Í apríl 2023 ákvað utanríkisráðuneytið að veita viðbótarframlag til Hjálparstarfs kirkjunnar að upphæð 17,2 milljónir króna og þar af voru fjórar milljónir króna ætlaðar til kynningar- og fræðslumála. Ákvæði um móttframlög samkvæmt rammSAMINGUM gildir einnig um viðbótarframlag þ.m.t. vegna kynningar og fræðsluverkefna. Hjálparstarfinu var heimilt að ráðstafa fjármagninu eftir þörfum milli rammSAMINGA um þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

RammSAMINGARNIR veita dýrmætan fyrirsjáanleika í störfum Hjálparstarfsins, auðvelda skipulagningu verkefna og auka viðbragðsflýti þegar neyðarástand skapast.

Á starfsárinu hófst undirbúningsvinna starfsmanna Hjálparstarfsins og fulltrúa utanríkisráðuneytisins að gerð rammSAMINGA sem gilda mun frá byrjun árs 2025 til loka árs 2028.

## MannúðARAÐSTOÐ

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS og aðrar systurstofnanir og samtök í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Bæði samtökin samhæfa mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Mannúðaraðstoð er veitt fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara, bæði í kjölfar þeirra sem valda skyndilegri neyð, svo sem eldgos og jarðskjálftar, og þeirra sem valda langvarandi neyð fólks, svo sem síendurteknir þurrkar og flóð sem meðal annars má rekja til hamfarahlýnunar jarðar af mannavöldum.

Markmið með mannúðaraðstoð eru að bjarga mannlífum, vernda óbreytta borgara gegn vopnuðum átökum, útvega nauðpurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Leitast er við að veita aðstoðina þannig að samfélög sem hafa laskast geti sem allra fyrst staðið á eigin fótum, hafi byggt upp innviði og efti viðnámsþrótt sinn gegn hamförum.

Á starfsárinu 2023 – 2024 varði Hjálparstarf kirkjunnar samtals 36,5 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Þar af sendi Hjálparstarfið 16,6 milljónir króna til aðstoðar við flóttafólk frá Súdan í Eþíópíu og 19,9 milljónir króna til aðstoðar íbúum Palestínu.





Til samanburðar sendi Hjálparstarfið samtals 94,6 milljónir króna til mannúðaraðstoðar starfsárið 2022 – 2023. Þá runnu 32,4 milljónir króna til Eþíópíu, 25 milljónir króna til Síurlands og Tyrklands, 15,3 milljónir króna til Malaví og 21,6 milljónir króna til Úkraínu.

Mikilvægt er að halda til haga að starfsár Hjálparstarfsins hefst í júlí og lýkur í júnílok. Framlög til mannúðaraðstoðar eru veitt allt árið um kring og yfir almanaksárið veitir Hjálparstarfið að meðaltali um eða yfir 53 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Verkefni sem fjárframlag er sent til eru til ákveðins tíma. Þegar tímarammi þeirra nær yfir tvö eða fleiri starfsár er þeirra getið í starfsskýrslum þau ár.

## Mannúðaraðstoð í Malaví

Hitabeltisstormurinn Freddy sem barði á suðurhluta Malaví um miðjan mars 2023 skildi eftir sig slóð eyðileggingar og manntjóns. Stormurinn hafði áhrif á líf 2,3 milljóna manna. Innviðir stórskemmdust víða um landið sunnanvert og vel á sjöunda hundrað þúsund manns hraktist frá heimilum sínum.

Í kjölfar hamfaranna í mars ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að ganga til samstarfs við systurstofnanir sínar í Noregi (NCA) og Danmörku (DCA) um brýna neyðaraðstoð í Chikwawa-héraði þar sem Hjálparstarfið stendur að langtíma verkefni í þróunarsamvinnu. Þótti þetta góð lausn þar sem NCA og DCA starfa í Malaví og hófu hjálparstarf sitt á hamfarasvæðum strax eftir að veðrinu slotaði.

Aðstoðin fólst fyrst og fremst í því að tryggja lífsviðurværi fólks og aðgengi þess að vatni og hreinlætisaðstöðu. Til verkefnisins lagði Hjálparstarfið 15,2 milljónir íslenskra króna í byrjun maí 2023. Þar af var framlag utanríkisráðuneytisins 14,5 milljónir króna.

Neyðaraðstoð Hjálparstarfsins vegna hitabeltisstormsins er lokið en fólk á stóru svæði í suðurhluta landsins glímir þó enn við afleiðingar hans. Í uppgjörsskýrslu samstarfsaðila Hjálparstarfsins segir að 2,3 milljónir manna hafi orðið fyrir barðinu á Freddy og tæplega 660.000 þeirra hafi hrakist frá heimilum sínum, aðallega vegna flóða. Í lokaskýrslu verkefnisins frá 15. nóvember 2023 var staðfest að 679 fórust og 537 var enn saknað.

Afleiðingar hitabeltisstormsins eru enn ekki að fullu ljósar en voru strax í upphafi slíkar að Lazarus Chakwera, forseti Malaví, lýsti yfir neyðarástandi og síðar fjórtán daga þjóðarsorg í kjölfar eyðileggingarinnar. Þá strax ákváðu íslensk stjórnvöld að verja 500.000 Bandaríkjadöllum - jafnvirði 71 milljóna króna - til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, WFP, vegna neyðarástandsins. Framlagið nýttist stjórnvöldum í Malaví til björgunaraðgerða, við flutning á neyðargögnum og til þess að kaupa mat fyrir þær þúsundir sem reiddu sig á matvælastuðning eftir hamfarirnar.

Víða í landinu stórskemmdust opinberar byggingar; skólar, sjúkrahús sem og samgöngumannvirki. Eins raforkumannvirki, vatnsveitukerfi, uppskera tapaðist og ræktarland eyðilagðist í stórum stíl. Það gerir stöðu margra enn alvarlegri þegar til lengri tíma er litið en tugþúsundir hektara ræktarlands skuluðust burt í flóðunum.

Vikurnar eftir storminn höfðust um 650.000 manns við í tæplega 600 búðum sem settar voru upp fyrir þau sem gátu ekki snúið heim vegna flóða, skriðufalla og mikið skemmdra innviða í landinu. Öll sem þurftu að flýja heimili sín hafa tapað miklu; margir aleigunni.

Þungamiðja neyðaraðstoðar Hjálparstarfsins var í Chikwawa héraði, eins og áður sagði vegna þróunarsamvinnuverkefnisins sem hófst í ársbyrjun 2023. Í ljósi hamfaranna er ástæða til að hnykkja á tilgangi þess verkefnis sem er að auka viðnámsþrótt samfélagsins gegn öfgum í veðri af völdum loftslagsbreytinga og tryggja lífsviðurværi og fæðuöryggi fólks eins vel og mögulegt er.

„Þar er ekki síst horft til þess að grípa til varna þar sem veðuröfgar ganga harkalega á ræktarland, bæði vegna flóða og þurrka,“ eins og segir í verkefnislýsingu.

Í Chikwawa héraði einu hafði hitabeltisstormurinn neikvæð áhrif á líf 28.000 fjölskyldna. Rúmlega 26.000 þeirra þurftu að flýja heimili sín til einhverra þeirra 52 búða sem settar voru upp í héraðinu. Alls er talið að svo hafi átt við um 112.000 manns en mörg þeirra glímdu þá þegar við mikla erfiðleika vegna fátæktar, veikinda og bágrar félagslegrar stöðu.

Neyðaraðstoð Hjálparstarfsins náði yfir fjögurra mánaða tímabil frá maí 2023 og til ágústloka. Aðstoðin fólst fyrst og fremst í því að tryggja lífsviðurværi

fólks og aðgengi þess að vatni og hreinlætisaðstoðu. Þau gengu fyrir sem voru veikust fyrir og því sérstaklega hugað að fólki með fötlun, börnum, eldra fólki, barnshafandi konum og konum með börn á brjósti. Aðstoð við þennan hóp var margþætt en ekki síst bein fjárhagsaðstoð hugsuð sem hjálp til sjálfshjálpar.

Til að tryggja aðgengi að vatni var með fulltingi staðaryfirvalda ráðist í nákvæma greiningu á ástandi borhola í héraðinu. Kom í ljós að 29 borholur í Chikwawa, sem alla jafna þjóna tugum þúsunda íbúa, þörfuðust viðgerða og viðhalds vegna hamfaranna. Tókst að gera við 26 þeirra og koma á fullri virkni að nýju.

Kvenmiðuð neyðaraðstoð var mikilvægur þáttur í verkefninu enda sýnir reynslan að konur og stúlkur þurfa oft tilfinnanlega á aðstoð að halda þegar neyðarástand varir. Sæmdarsettum var dreift til 200 stúlkna á unglingsaldri og mæðra með börn á brjósti. Sæmdarsettin innihéldu tíðarvörur og margt smálegt eins og sápu, salernispappír, tannbursta og tannkrem en jafnframt nærfatnað. Þessum vörum var dreift til kvenna og stúlkna í búðunum og léttu þeim lífið á meðan að dvöl þeirra stóð. Til viðbótar við sæmdarsettin fengu fjölskyldur helstu nauðsynjar til að auðvelda þeim daglegt líf, bæði til að matast og hvílast.

Upplýsingagjöf til þeirra sem voru á vergangi var sinnt sérstaklega með því að setja á fót sérstakar miðstöðvar innan búðanna. Þeir sem önnuðust upplýsingagjöf jöfnum höndum voru félagsráðgjafar og starfsmenn löggæslufirvalda. Þetta var ekki síst gert vegna þeirrar vissu að í neyðarástandi sem skapast vegna náttúruhamfara eða stríðsátaka er líkamlegt ofbeldi og kynferðisleg misnotkun gagnvart konum og stúlkum jafnan fylgífiskur.

Undir lok verkefnistímans var neyðaraðstoðin tekin út – var kannað hvað hafði tekist vel og hvað miður. Þá vinnu önnuðust fulltrúar frá systursamtökum Hjálparstarfsins í Noregi og Danmörku (NCA og DCA). Niðurstaða þeirra var að heilt yfir séð hafi markmiðum verkefnisins verið náð og í nokkrum verkþáttum hafi árangurinn verið umfram væntingar.

## Mannúðaraðstoð í Eþíópíu vegna þurrka (HEA221)

Átök, þurrkar og fátækt herja á Eþíópíu og yfir 24 milljónir íbúa hafa undanfarin ár þurft aðstoð eingöngu vegna þurrkanna. Í júní árið 2022 sendi ACT Alliance út neyðarbeiðni vegna þurrka í þremur ríkjum; Sómalíu, Keníu og Eþíópíu. Strax



Í kjölfar hennar sendi Hjálparstarf kirkjunnar tæplega 22 milljóna króna framlag til mannúðaraðstoðarinnar og nam styrkur utanríkisráðuneytisins til verkefnisins 20 milljónum króna. Framlag Íslendinga var eyrnamerkt mannúðaraðstoð Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS í Oromía- og Sómalí-fylkjum í Eþíópíu. Í Sómalífylki náði mannúðaraðstoð LWF meðal annars til Kebri Beyah héraðs en þar er stærsta verkefni Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu.

Lútherska heimssambandið hefur starfað í Eþíópíu frá árinu 1971 og veitt þar bæði mannúðaraðstoð og starfað í þróunarsamvinnu. LWF hefur m.a. aukið aðgengi fólks að vatni og hreinlætisaðstöðu og útvegað fólki húsaskjól, mat, búsaðhöld og reiðufé til nauðþurfta. Fólkið í fylkjunum tveimur býr við alvarlegan fæðuskort og búfænaðurinn fellur úr hor vegna þurrka. Aðgengi að vatni er þar afar takmarkað sem leiðir til þess að fólkið yfirgefur iðulega heimkynni sín og fer á vergang. Heilsufar versnar og börn sækja ekki skóla.

Verkefninu sem Hjálparstarfið átti aðild að náði til 72.000 íbúa landsins, bæði heimafélks og fólks á vergangi á þeim átján mánuðum sem verkefnið stóð yfir, eða frá júnímánuði 2022 til ársloka 2023. Markmið verkefnisins voru að bjarga mannlífum og koma í veg fyrir hungursneyð og alvarlega vannæringu fólksins sem býr á verstu þurrkasvæðunum. Þá var veittur sálfélagslegur stuðningur en stærstu kostnaðarliðir verkefnisins voru að útvega vatn og hreinlætisaðstöðu og að tryggja fæðuöryggi fólksins.

Hvað starfssvæði Hjálparstarfsins í Sómalífylki varðar þá var um verstu þurrka að ræða í fjóra áratugi. Hundruð þúsunda bættust við tölu þeirra sem voru þegar á vergangi innan svæðisins og milljónir manna bættust við hóp þeirra sem þurfa aðstoð við að brauðfæða sig. Stór hluti vandans sem langvarandi þurrkar skapa er að búsmali fólksins á svæðinu hríðféll og er þá sama hvort um geitur, sauðfé eða nautgripi er að ræða.

Samkvæmt Eþíópísku heilbrigðisstofnuninni (EPI) braust kólera einnig út á tveimur aðskildum svæðum í Sómalífylki og var um hliðarverkun þurrkanna að ræða. Þá gripu bændaþjófkyldur til þess örþrífaraðs að leggja sér útsæði sitt til munns. Þegar allt er samantekið mátu stjórnvöld og hjálparsamtök stöðuna svo að vegna þráláttra þurrka, mögulega að stórum hluta vegna loftslagsbreytinga, hafi staða íbúa á stórum svæðum innan Eþíópíu verið afar ótrygg.

Í heild sendi Hjálparstarf kirkjunnar tæpar 33 milljónir króna til systursamtaka sinna í Eþíópíu vegna verkefnisins á árinu 2022. Tuttugu og tveggja milljóna króna framlag í júlí og auk þess tæplega ellefu milljóna króna framlag í desember. Þetta var mögulegt með tilstyrk utanríkisráðuneytisins sem lagði til 30 milljónir króna.

## Mannúðaraðstoð í Eþíópíu vegna stríðsátaka (ETH221)

Lýðfrelsisfylking Tigray og stjórnvöld í Eþíópíu féllust á vopnahlé í lok árs 2022 sem hefur haldið til þessa dags. Borgarastríðið í Tigray hafði þá staðið óslitið í tvö ár en við undirskrift var samningalota deiluaðila búin að standa í áratug, sem er til marks um hversu þrálátar deilur fylkinganna tveggja hafa verið.

Átökin hafa leikið þetta næst fjölmennasta ríki Afríku grátt. Tölur eru á reiki en mat alþjóðastofnana er hins vegar að um 600.000 almennra borgara liggja í valnum. Þar af er talið að sex af hverjum tíu hafi dáið úr hungri enda var hungurvofunni beitt markvisst sem vopni af stjórnarhernum. Þá eru ótaldir þeir sem létu lífið eða særðust í beinum átökum og milljónir manna sem hróktust frá heimilum sínum.

Á meðan átökunum stóð einangruðu eþíópísk stjórnvöld Tigrayfylki nær algjörlega og því var aðgangur hjálparsamtaka mjög takmarkaður. Eftir að vopnahléið var sett á áttu forsvarsmenn hjálparsamtaka hins vegar kost á því að ferðast um svæði þar sem áður var útilokað að fara um. Það átti við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (LWF DWS) sem veitti aðstoð vegna borgarastríðsins frá upphafi þess í nánú samráði við stjórnvöld og önnur mannúðarsamtök.

Í febrúar 2022 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 22 milljónir króna til mannúðaraðstoðar LWF DWS í Amhara nágrannafylki Tigray en utanríkisráðuneytið veitti 20 milljón króna styrk til verkefnisins utan rammisamnings.

Markmið verkefnisins, sem varði frá júní 2022 – desember 2023, var að bregðast við alvarlegum fæðuskorti á svæðinu vegna átaka, þurrka og uppskerubrests.

## Jarðskjálftar í Tyrklandi og Sýrlandi (SYR231)

Aðfaranótt mánudagsins 6. febrúar 2023 riðu öflugir jarðskjálftar yfir landamærahéruð Tyrklands og Sýrlands. Hjálparstarf kirkjunnar í Mið-Austurlöndum (MECC), sem eru systursamtök Hjálparstarfs kirkjunnar á staðnum, hófu strax mat á því hvernig bregðast mætti við hamförunum með sem skilvirkustum hætti. Á sama tíma hóf MECC að dreifa hjálpargögnum; mat, lyfjum, teppum og hlýjum klæðnaði.

Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi hóf neyðarsöfnun um sólarhring eftir að jarðskjálftarnir riðu yfir. Öllum var ljóst að hamfarirnar voru af þeirri stærðargráðu að alþjóðleg neyðaraðstoð væri aðkallandi. Alls er nú talið að hamfarirnar hafi haft alvarlegar afleiðingar á líf 25 milljóna íbúa í Tyrklandi og Sýrlandi en samkvæmt Sameinuðu þjóðunum fórust í þeim á milli 50.000 og 60.000 manns. Ónýtar og illa farnar byggingar voru taldar í hundruðum þúsunda og mikill fjöldi fólks missti heimili sín auk þess sem innviðir á jarðskjálftasvæðunum fóru illa.

Þann 30. mars 2023 sendi Hjálparstarf kirkjunnar rúmar 25 milljónir króna til verkefna MECC og staðbundinna samstarfsaðila við að veita fórnarlömbum jarðskjálftanna í Sýrlandi neyðaraðstoð. Upphaflega stóð til að leggja til ellefu milljónir króna en hálfum mánuði eftir að náttúruhamfarirnar riðu yfir var ljóst að neyð fólksins væri enn meiri en leit út fyrir í upphafi. Því ákvað Hjálparstarfið að hækka framlagið sem var að meðtöldum 20 milljóna króna styrk utanríkisráðuneytisins til verkefnisins.

Mannúðarverkefni MECC í Sýrlandi lauk í árslok 2023. Aðstoðin hafði þá náð til um 26.000 íbúa í öllum fylkjum Sýrlands. Á árinu 2023 hafði MECC dreift fatnaði, teppum, matarkörfum, lyfjum og hreinlætisvörum ásamt því að gera við kirkjubyggingar og löskuð bænahús. Þá stóð MECC fyrir viðgerð á sex skólabyggingum svo fleiri en 4.000 nemendur gátu aftur hafið nám. MECC gerði auk þess við 30 íbúðabyggingar svo fjölskyldur gætu snúið aftur heim eftir hamfarirnar.

MECC skipulagði auk þess uppbotarkennslustundir fyrir grunnskólanemendur og dreifði námsgögnum, hreinlætisvörum, fatnaði og sólarrafhlöðuluktum til nemenda ásamt því að veita börnunum sálfélagslegan stuðning og halda úti barnavernd.

Unnið var að því að koma upp hreinlætisaðstöðu með fólkinu sjálfu og

sameiginlegum þvottahúsum sem drifin voru áfram með sólarrafhlöðum. Þá var sólarrafhlöðukerfi sett upp í fjöldahjálparskýlum og fólkið fékk reiðufé fyrir nauðsynjum. Hátt í þrjú hundruð fjölskyldur fengu reiðufé fyrir leiguhúsnæði á meðan þær biðu þess að komast aftur heim til sín og starfsfólk sem vann að verkefnum MECC fékk laun fyrir vinnu sína sem dugði þeim til framfærslu.

Í júlí 2021 hafði Hjálparstarf kirkjunnar sent 10.7 milljóna króna fjárframlag til mannúðaraðstoðar vegna stríðsátaka í Sýrlandi. Framlagið var að meðtöldum stuðningi utanríkisráðuneytisins sem veitti Hjálparstarfinu þá styrk að upphæð tíu milljónir króna.

Að mati Sameinuðu þjóðanna þurftu um ellefu milljónir Sýrlendinga á aðstoð að halda á árinu 2021 og rann fjárframlagið til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins sem lagði áherslu á að vernda líf og heilsu íbúanna og að veita börnum jafnt sem fullorðnum sálfélagslegan stuðning og að aðstoða fjölskyldur við að koma undir sig fótunum á ný.

Frá árinu 2014 hefur Hjálparstarf kirkjunnar, með stuðningi ráðuneytisins, sent fjárframlag til mannúðaraðstoðar við stríðshrjáða Sýrlendinga sem nemur rúmlega 143 milljónum króna og er sú upphæð að meðtöldu 25 milljóna króna framlagi Hjálparstarfsins vegna hamfarajarðskjálftanna í febrúar 2023.

## Mannúðaraðstoð vegna átaka í Súdan (SDN231)

Vopnuð og hörð átök milli súdanska stjórnarhersins (SAF) og sveita uppreisnarhersins Rapid Support Forces (RSF) hafa varað í Súdan frá því í apríl 2023. Átökin eiga rætur sínar að rekja til valdabaráttu tveggja hershöfðingja sem stóðu sameiginlega að valdaráni í landinu árið 2019 þegar fyrrverandi forseta landsins var steipt af stóli en hann hafði þá setið í embætti í tæpa þrjá áratugi. Herstjórn hershöfðingjanna tveggja tók við en spennan þeirra á milli fór stigvaxandi þar sem þeir deildu um innleiðingu nýs stjórnarfars í landinu og aðlögun RSF sveitanna að stjórnarhernum.

Frá því átökin hófust þann 15. apríl 2023 hafa þúsundir fallið í átökunum og tugir þúsunda hafa særst. Nú þegar átökin hafa staðið svo lengi sem raun ber vitni er sú staða komin upp að hungursneyð geisar í landinu þar sem milljónir búa við alvarlegan næringarskort og fjölmargir deyja hungurdauða dag hvern. Þess utan hafa milljónir íbúa landsins neyðst til að yfirgefa heimkynni sín og eru á



vergangi innan Súdan en 2,1 milljón manns hafa flúið til Mið-Afríkulyðveldisins, Chad, Egyptalands, Suður-Súdan og Eþíópíu. Allt þetta fólk er í brýnni þörf fyrir aðstoð hvort sem það hefst að hjá ættingjum innanlands eða í yfirfullum flóttamannabúðum í nágrennaríkjum.

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, samhæfir aðgerðir kirkjutengdra hjálparstofnana. Í lok júní 2023 sendu samtökin út neyðarbeiðni til aðildarsamtaka um fjármagn til hjálparstarfs í Súdan og í nágrennaríkjum, þar með talið í Eþíópíu. Í júlí 2023 svaraði Hjálparstarf kirkjunnar kalli og sendi 16,5 milljónir króna til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins (LWF DWS) í Eþíópíu í þágu flóttafólks frá Súdan. Framlagið er að meðtöldu framlagi utanríkisráðuneytisins.

Fjárframlagið frá Íslandi nýttist fyrst og fremst til þess að bæta aðgengi þúsunda flóttafólks að hreinlætisaðstöðu í yfirfullum flóttamannabúðum í landamærabænum Kumer.

## Mannúðaraðstoð í Úkraínu og nágrennalöndum (UKR221)

Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi hóf neyðarsöfnun í kjölfar innrásar Rússlandshers í Úkraínu í febrúar 2022 og hafði í lok starfsárs 2023 – 2024 alls sent 56,6 milljónir króna framlag Íslendinga til neyðaraðstoðar við flóttafólk frá Úkraínu – þar af lagði utanríkisráðuneytið til 30 milljónir, Proskahjálp 500 þúsund krónur og styrktarsamfélag Hjálparstarfsins 26 milljónir króna.

Framlagið var sent til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í Póllandi sem rekur meðal annars sex miðstöðvar þar sem fólkíð fær reiðufé og sálfélagslegan stuðning Miðstöðvarnar þjóna einnig sem athvörf fyrir konur og börn. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi og öryggi fólks með fötlun.

Í fyrstu fólst aðstoðin mikið til í því að hjálpa fólki að komast yfir landamæri Úkraínu og Póllands á öruggan hátt. Greitt var fyrir fargjald í rútur, fólki voru færðar samlokur og annað matarkyns. Börn og fullorðnir fengu teppi og hreinlætisvörur.

Frá því eftir innrásina og til loka árs 2023 höfðu fleiri en 30 þúsund fjölskyldur (69.852 einstaklingar, þar af 3.766 fatlaðir) fengið reiðufé fyrir nauðpurftum. Fleiri en 23 þúsund einstaklingar fengu sálfélagslegan stuðning og fleiri en 43 þúsund notið



aðstoðar félagsráðgjafa við að aðlagast nýju samfélagi. Fleiri en 30 þúsund börn hafa verið í öruggu skjóli þar sem þau hafa getað leikið sér og um 4.000 leikföng voru keypt fyrir börnin. Fleiri en 700 fatlaðir einstaklingar fengu hjálpartæki og 1.800 einstaklingar hafa fengið inneignarkort fyrir vetrarfatnaði. Þá hafa um 3.700 flóttamenn fengið aðstoð við lyfjakaup og 450 börn fengið námsgögn.

Í upphafi voru verkefni LWF DWS hugsuð til tveggja ára, frá 1. mars 2022 til 29. febrúar 2024, en í upphafi árs 2024 var tímaraminn færður til loka febrúar 2025. Á starfsárinu 2024 – 2025 mun Hjálparstarf kirkjunnar leggja til frekari fjárstuðning til mannúðaraðstoðar við stríðshráða íbúa Úkraínu.

## Mannúðaraðstoð í Palestínu (PSE231)

Strax eftir að átökin fyrir botni Miðjarðarhafs brutust út í október 2023 hóf Hjálparstarf kirkjunnar að undirbúa viðbragð sitt vegna sárrar neyðar almennings á Gasaströndinni. Líkt og systurstofnanir Hjálparstarfsins á Norðurlöndunum og víðar var ákveðið að ákalli ACT Alliance – Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna - um að styrkja mannúðaraðstoð á svæðinu yrði svarað.

Í kjölfar jólasöfnunar sendi Hjálparstarfið um tuttugu milljónir króna til hjálparstarfs á Gasa en framlagið er að meðtöldum 15 milljóna króna styrk frá utanríkisráðuneytinu.

Palestínuflóttamannahjálparstarf kirkjunnar í Mið-Austurlöndum (Middle East Council of Churches, Department of Service to Palestinian Refugees (MECC DSPR)), sem er systurstofnun Hjálparstarfsins í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna – ACT Alliance, leiðir hjálparstarf á vettvangi en MECC hefur starfað á svæðinu um langa hríð og hefur náði samráð við önnur hjálparstök á svæðinu og Samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna um hjálparstarf – OCHA.

Neyðaraðstoð MECC DSPR á Gasa hófst strax á fyrstu dögum átakanna eða eins fljótt og mögulegt var. Verkefnið er hugsað til tveggja ára en þó er ljóst að afleiðingar átakanna eru svo alvarlegar að neyðaraðstoð við almenna borgara og uppbygging á átakasvæðunum mun taka mun lengri tíma.

Síðan í nóvember 2023 hefur MECC DSPR veitt hátt í 9.000 börnum og fullorðnum lækni- og tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöð samtakanna í Rafah. Meðal þjónustu sem þar er veitt má nefna mæðra- og ungbarnavernd,

heimilislækningar, tannlæknaþjónustu, lyfjagjöf og næringarpakka fyrir börn sem líða skort. Þá er þar boðið upp á hreinlætisvörur og dömubindi.

MECC DSPR hefur auk þess látið 620 fimm manna fjölskyldum í té reiðufé fyrir nauðsynjum svo sem drykkjarvatni, matvöru, klæðnaði og lyfjum en hver fjölskylda hefur fengið um 26 þúsund krónur. Þá hefur MECC DSPR veitt fleiri en 4500 mæðrum og börnum þeirra áfallahjálpar og sálfélagslegan stuðning í sjö fjöldahjálparstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

Höfuðstöðvar DSPR hafa skemmt í sprengjuárásun en starfsfólkið hefur ekki látið það á sig fá og heldur áfram að sinna fólki í sárri neyð.



# Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í þágu fólks í einna fátækustu samfélögum heims.

Meginmarkmið eru að fólk sem býr við sárafátækt geti séð sér farborða á sjálfbæran hátt en sérstök áhersla er lögð á að tryggja velferð barna. Verndun umhverfisins og valdefling, og þá kvenna sérstaklega, eru áhersluþættir í verkefnum sem unnin eru í samvinnu við fólk sjálft á hverjum stað.

Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu þekkja vandann af eigin raun, menninguna og tungumál á hverjum stað. Þeir eru á staðnum eftir að verkefnum lýkur og geta metið árangur þeirra.

Hjálparstarfið leggur ríka áherslu á að aðstoða staðbundin hjálparamtök sem eru samstarfsaðilar á vettvangi við að byggja upp stofnanagetu sína og færni til að sinna verkefnum í heimabyggð.

Á starfsárinu 2023 – 2024 varði Hjálparstarfið 135,3 milljónum króna til þróunarsamvinnu í Eþíópíu, í Úganda og í Malaví en til samanburðar varði Hjálparstarfið 112 milljónum króna til þróunarsamvinnu í löndunum þremur á starfsárinu 2022 – 2023. Utanríkisráðuneytið veitti styrki fyrir allt að 80% af kostnaði við verkefni.

## Eþíópía

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátækum sjálfsþurftarbændum í Sómalífylki í Eþíópíu en landið er í 176 sæti af 193 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (2022) hvar Ísland er í einu af fimm efstu sætunum ár hvert.

Í Sómalífylki ógna þurrkar og óstöðugt veðurfar fæðuöryggi fólksins. Þegar lítið sem ekkert rignir á hefðbundnum regntíma verður uppskeran rýr og fátæktin sífellt sárari. Íbúar fylkisins hafa lífibrauð af kameldýra- og nautgriparækt, sauðfjár- og geitarækt en í sífellt meira mæli af korn- og grænmetisræktun.

Samfélagið hefur mjög takmarkað aðgengi að vatni, rafmagni, mörkuðum og lánsfé enda er fæðuöryggi mjög lítið og á þurrkatímum er fólk háð mataraðstoð

stjórnvalda og hjálparamtaka. Dýrasjúkdómar eru tíðir og dýralæknisþjónusta af skornum skammti.

Landrof er mikið á ræktarlandi og almennt hafa bændurnir ekki verkþekkingu til að koma í veg fyrir frekari eyðimerkurmyndun. Í neyð sinni heggur fólk niður tré og runna til að selja sem eldivið og eykur þannig enn á hættuna á landrofi. Fólk gengur örna sinna á víðavangi og aðstaða til handþvotta er ekki nema við trúariðkun en 98% íbúanna eru múslimar.

Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólk geti aukið fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og umhverfisvernd og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (LWF DWS) í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2008. Á fyrstu tíu árum þess náði aðstoðin beint og óbeint til fleiri en 130.000 einstaklinga í Jijiga héraði og breytti lífi þeirra til hins betra.

Brunnar hafa verið grafnir en þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum eru reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir eru kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar fá þjálfun í að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé. Þá lærir fólk að steypa sparhlóðir sem spara eldivið og minnka reykmenkun við eldamennsku.

Konur taka þátt í sparnaðar- og lánaþópum og fá fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hefja margar kvennanna að reka litla búð, stunda sauð- og geitfjárhald hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem taka þátt í verkefninu hafa talað um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt frelsi á verkefnasvæðunum áður.

Meginmarkmið með verkefnisfasa sem hófst í janúar 2021 og lýkur í desember 2024 eru að auka þolgæði samfélagsins og getu þess til að bregðast við hamförum og hamfarahlýnun, að bæta lífsafkomu og fæðuöryggi sjálfsþurftarbænda á svæðinu, að bæta aðgengi íbúanna að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu og að stuðla að auknu jafnrétti með valdeflingu kvenna og stúlkna.



Aðstoðin nær með beinum hætti til þeirra 2.650 bændafjölskyldna sem búa við sárustu fátæktina í 10 þorp-skörnum í Kebribeyah héraði þar sem búa samtals um 21.000 manns. Áhersla er lögð á að ná til atvinnulauss ungs fólks, kvenna og barna. Áhersla er einnig lögð á að ná til fólks með fötlun.

Stærsti verkþáttur í þeim verkefnisfasa sem nær til loka árs 2024 var að bora eftir vatni með stórvirkum bor. Á þeim stað sem valinn var til verksins stóðu væntingar til þess að dæla upp a.m.k. fimm lítrum vatns á sekúndu þegar borholan yrði tekin í notkun. Samkvæmt því var áætlað að vatnið sem borholan skilaði dygði til að uppfylla þarfir 25.000 íbúa. Framkvæmdin var í nánú samráði og samvinnu við staðaryfirvöld sem höfðu lagt ríka áherslu á mikilvægi verkefnisins enda nýtist vatn úr borholu miklum fjölda íbúa.

Í maí 2023 fóru framkvæmdastjóri, verkefnastjóri erlendra verkefna og fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar í vettvangsferð á svæðið. Verkefnastjóri LWF DWS í Eþíópíu var þá nokkuð bjartsýnn á að borholan myndi skila sínu þótt óljóst væri á þeim tímapunkti hversu gjöfúll hún myndi reynast.

Strax við upphaf nýliðs starfsárs bærust hins vegar þær upplýsingar frá samstarfsaðilum Hjálparstarfsins í Eþíópíu að tilraunaborunum væri lokið með þeirri niðurstöðu að borholan væri þurr. Þetta eru mikil vonbrigði fyrir Hjálparstarfið og þykir sýnt að of mikið traust var lagt á úttektir staðaryfirvalda. LWF DWS hefur þegar sett niður endurskoðaða verkferla (best practice) með

tilliti til verkefnisins. Í framtíðinni mun Hjálparstarfið og Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins hafa skýrslur yfirvalda til hliðsjónar en framkvæma eigin úttektir áður en lagt verður í stórar framkvæmdir sem þessa.

Verkþátturinn um valdeflingu kvenna virðist hins vegar afar vel heppnaður. Starfsfólk og þátttakendur verkefnisins lýsa þeirri upplifun aftur og aftur í samtölum við Hjálparstarfið.

Konurnar sem taka þátt í verkefninu gera mikið úr litlu. Þær greiða lánin til baka í lang flestum tilfellum og njóta ávaxtanna sjálfar. Karlarnir eru ánægðir með að konurnar fái þetta tækifæri og virðast ekki skipta sér mikið af því hvernig lánin eru nýtt né fara þeir fram á að fá afraksturinn til sín.

Heildarkostnaður við verkefnið starfsárið 2023-2024 nam 51 milljón króna. Á starfsárinu 2022 – 2023 nam kostnaður við verkefnið 52,5 milljónum króna.

## Malaví

Fyrstu skrefin í nýju þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví voru tekin í janúar 2023. Markmið verkefnisins er að aðstoða a.m.k. 4.500 fjölskyldur, samtals um 20.000 manns við að auka viðnámsþrótt samfélagsins gegn öfgum í veðri af völdum loftslagsbreytinga og tryggja lífsviðurværi og fæðuöryggi fólks eins vel og mögulegt er. Þar er ekki síst horft til þess að grípa til varna þar sem veðuröfgar ganga harkalega á ræktarland, bæði vegna flóða og þurrka.

Rammasamningar Hjálparstarfs kirkjunnar og utanríkisráðuneytisins hverfast um stuðning ráðuneytisins við verkefni Hjálparstarfsins á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Samkvæmt samningunum leggur ráðuneytið til framlag sem nemur stórum hluta af kostnaði við skilgreind verkefni. Verkefnið í Malaví sem er til þriggja ára og spannar árabilið 2023 til 2025 er sett á fót á grundvelli rammasamninganna.

Verkefni Hjálparstarfsins er unnið í samstarfi við Samband evangelískra kirkna í Malaví (Evangelical Association of Malawi, EAM) sem nýtur virðingar fyrir fagleg vinnubrögð í þróunarsamvinnu.

Áhugi heimamanna á verkefninu er áþreifanlegur en ljóst er að malavískt samfélag er afturhaldssamt og staða kvenna ber þess merki. Fólkið er afar trúað og kirkjan er mikilvæg stofnun í samfélagi þess. Prestar á svæðinu eru því mikilvægir þátttakendur í starfinu og kynna m.a. verkefni þegar fólk sækir guðsþjónustu.

Malaví er landlukt land í Suðaustur-Afríku og liggur á milli Mósambík, Sambíu og Tansaníu. Helsta einkenni Malaví er Malaví-vatn sem nær yfir tæplega fimmtung landsins, en samtals er flatarmál Malaví 120 þúsund ferkílómetrar, litlu stærra en Ísland. Malaví er eitt fátækasta ríki heims en íbúar landsins eru um 20 milljónir. Landið er í 172 sæti af 193 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (2022) en til samanburðar er Ísland þar iðulega í efstu fimm sætunum á milli ára.

Það sem einkennir verkefnasvæðið Hjálparstarfsins í Chikwawa héraði eru tíð flóð sem er rótin að vanda fólksins á svæðinu. Rigningar fjarri héraðinu valda flóðunum sem valda miklum skaða sökum þess að búið er að höggva niður skóga í fjallshlíðunum en vegna fátæktar hafa íbúar neyðst til að nýta viðinn með þessum afleiðingum. Verkefnið snýst um að fólkið geti hjálpað sér sjálft, og því felst starfið ekki sist í fræðslu og námskeiðahaldi.

Mikilvægi þess að endurheimta gróður og tré sem bindur vatn í jarðveginum er mikilvægur þáttur fræðslunnar. Eins lýtur fræðslan að því að efla viðbragðsgetu samfélagsins þegar hættulegar aðstæður skapast vegna rigninga. Það má líkja þessu við almannavarnir sem við þekkjum hér heima. Eins má nefna átak til að fjölga þeim tegundum matjurta sem ræktaðar eru; í Chikwawa rækta nær allir

maís og á uppskerutíma skapast offramboð sem veldur því að lítið fæst fyrir uppskeruna. Fjölbreyttari afurðir og skilvirkari ræktunaraðferðir eru líklegar til að skila íbúum svæðisins bættum hag.

Fiskirækt kemur líka við sögu og bændurnir fá aðstoð við að stofna samvinnufélög. Slík félög gera bændunum frekar kleift að selja sínar eigin afurðir á markaði svo að ágóðinn nýtist þeim beint, en milliliðir éti ekki upp arðinn af vinnu þeirra.

Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins og Kristín Ólafsdóttir, verkefnastjóra erlendra verkefna, fóru í vettvangsferð til Malaví í mars 2024. Þau hittu þá starfsfólk verkefnisins sem virtist vel starfi sínu vaxið, reynslumikið og áhugasamt. Sérstaklega þótti þeim ánægjulegt að kynnast verkefnastjóranum í Chikwawa sem er kona menntuð í landbúnaðarfræðum. Á ferð um verkefnasvæðið urðu fulltrúar Hjálparstarfsins vitni að því að starfsfólk verkefnisins er í mjög góðu sambandi við fólkið sem nýtur góðs af verkefninu.

Starfssaga Hjálparstarfsins í landinu teygir sig all langt aftur. Á árunum 2005 til 2014 studdi Hjálparstarfið verkefni Evangelical Lutheran Development Service (ELDS) í Malaví sem snerist um vatnsöflun og betra lífsviðurværi fyrir um 900 fjölskyldur sjálfsþurftarbænda í 37 þorpum, og einmitt í Chikwawa héraði.

Markmiðið með verkefninu var að auka aðgengi að hreinu vatni með því grafa brunna og kenna fólki að nýta vatn til að tryggja betur fæðuöryggi. Eins snéri verkefnið að því að byggja kamra og handþvottaaðstöðu og fræða um nauðsyn hreinlætis. Trjám var plantað og námskeið voru haldin um umhverfisvernd og sjálfbærni. Þá var jarðrækt þróuð með nýjum korntegundum og skepnuhald styrkt með því að bændur fengu geitur og hænur til að bæta lífsafkomu sína. Það er því vel hægt að halda því á lofti að verkefnið sem nú er hafið sé framhald eldri verkefna í Malaví, þó áherslur séu að einhverju leyti aðrar.

Heildarkostnaður verkefnisins starfsárið 2023-2024 nam 30 milljónum króna. Á starfsárinu 2022 – 2023 nam kostnaður við verkefnið 16,2 milljónum króna.

## Úganda – Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sárafátækt

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðað HIV smitaða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur upp til sveita í Úganda. Frá árinu 2016 hefur aðstoðin verið veitt í sveitarfélögunum Rakai og Lyantonde í samstarfi við grasrótarsamtökin Rural Action Community Based Organisation, RACOBABO, sem spottin eru upp úr hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins á svæðinu. Uppbygging staðbundinna hjálparsamtaka eins og RACOBABO er talin ein helsta stoð virkrar þróunarsamvinnu og hlaut Hjálparstarf kirkjunnar lof fyrir samvinnu við samtökin í úttektarskýrslu sænska ráðgjafafyrirtækisins NIRAS fyrir utanríkisráðuneytið árið 2017.

Skjólstæðingar verkefnis Hjálparstarfsins í Rakai og Lyantonde eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIV smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sárafátækt. Fjölskyldur sem búa við erfiðustu aðstæðurnar njóta sérstaks stuðnings en nágrannar þeirra njóta einnig stuðnings með beinum og óbeinum hætti.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr við nístandi skort með því að reisa múrsteinshús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti. Reistir eru kamrar við hlið húsanna, fólkið fær fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgengi fólksins að hreinu vatni er aukið með því að koma upp 6000 lítra vatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Þegar börnin þurfa ekki að fara eftir vatni um langan veg hafa þau tíma til að sækja skólann. Hættan á kynferðislegri misnotkun minnkar einnig þegar stúlkur þurfa ekki að fara fjarri heimilinu eftir vatni í morgunsárið.

Fólkið fær geitur, verkfæri, fræ og útsæði til grænmetisræktunar, allt í þeim tilgangi að auka fæðuval og möguleika fjölskyldnanna til að afla sér tekna. Með fjölbreyttari fæðu verður heilsa fjölskyldnanna betri og með tekjum aukast líkur á að börnin geti sótt skóla og fengið menntun. Með aukinni menntun minnka líkur á að stúlkur verði gefnar barnungar í hjónaband og eignist börn á unglingsaldri. Með stuðningi er vítahringur fátækta rofinn.

Í verkefnalýsingu fyrir árin 2022 – 2025 er lögð áhersla á að auka sálfélagslegan stuðning og möguleika skjólstæðinga á að afla sér tekna til þess að tryggja langtímaárangur af verkefninu fyrir hverja fjölskyldu fyrir sig.

Á árinu 2023 vatt verkefninu fram samkvæmt áætlun og fengu átta fjölskyldur sem bjuggu við sára neyð múrsteinshús, kamar, eldaskála og vatnstank ásamt því að fá innbú og verkfæri til að yrkja lítinn jarðarskika við húsið.

Á árinu 2023 hófu mörg hundruð manns - bæði skjólstæðingar og nágrannar þeirra - þátttöku í sparnaðar- og lánaþópum eða „Village Savings and Loan Associations“ (VSLA) með það að markmiði að geta aflað sér tekna með því að koma sér til dæmis upp sölubás fyrir grænmeti. Tuttugu hópar eru nú starfandi og eru 30 þátttakendur í hverjum þeirra.

Tugir sjálfboðaliða voru þjálfaðir til að veita skjólstæðingunum sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf um lyfjanotkun til að hefta framgang alnæmis og fengu sjálfboðaliðarnir stuðning við að koma sér upp atvinnutækifærum og til að auka fæðuöryggi þeirra sem umbun fyrir störf sín. Sjálfboðaliðarnir gegna einnig lykilhlutverki þegar kemur að því að finna þá sem eru í verstu stöðunni á svæðinu.

Geitur voru keyptar fyrir fjölskyldur á svæðinu og þjálfun var veitt í geitaræktun í samstarfi við staðaryfirvöld. Fjölskyldurnar eru hvattar til að kaupa m.a. skóladót fyrir arðinn og dömubindi fyrir stúlkur svo þær geti sótt skólann.

Í verkefnalýsingu fyrir allan verkefnisfasann, 2022 – 2025, er lögð áhersla á að auka sálfélagslegan stuðning og möguleika skjólstæðinga á að afla sér tekna til þess að tryggja langtímaárangur af verkefninu fyrir hverja fjölskyldu fyrir sig.

Í vettvangsferð í febrúar 2024 hittu fulltrúar Hjálparstarfs kirkjunnar skjólstæðinga verkefnisins og sjálfboðaliða sem starfa með þeim. Ljóst er að sjálfboðaliðar gegna veigamiklu hlutverki í verkefninu og þeir njóta mikillar virðingar fyrir störf sín.

Alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið VIG vann á starfsárinu óháða úttekt á verkefni Hjálparstarfsins í dreifbýli Úganda. Úttektin fór fram á haustmánuðum 2023 og var unnin fyrir og að beiðni utanríkisráðuneytisins en verkefnið er fjármagnað með stuðningi í gegnum rammasamning við utanríkisráðuneytið.



Í umfjöllun ráðuneytisins um úttektina frá því í apríl segir að Hjálparstarf kirkjunnar hafi um árabíl verið einn af lykil samstarfsaðilum utanríkisráðuneytisins í þróunarsamvinnu. „Hjálparstarf kirkjunnar er eitt fjögurra lykil félagasamtaka með rammasamninga um verkefni til þróunarsamvinnu og eru hluti af samstarfi ráðuneytisins við íslensk félagasamtök,“ segir þar.

Þar segir að niðurstöður úttektar um miðbik núverandi verkefnafasa séu afar jákvæðar. Samkvæmt niðurstöðunum hefur staða heimila sem verkefnið náði til batnað innan samfélaga og merki um að efnahagsleg valdefling hafi skilað tilætluðum árangri, en rík áhersla er lögð á kynjajafnrétti við framkvæmd þess. Þannig hafi verkefnið náð þeim markmiðum sem að var stefnt á tímabilinu.

„Það er einstaklega ánægjulegt að sjá í þessari úttekt hvernig stuðningur Íslands hefur skipt sköpum fyrir þennan viðkvæma og jaðarsetta hóp,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra. „Sem fyrr eru það konur og börn sem eru í hvað viðkvæmustu stöðunni og því er afar dýrmætt að Hjálparstarf kirkjunnar geti veitt þennan stuðning. Þá kristallast hér enn og aftur reynsla okkar að með skýrri og einbeittri nálgun í þróunarsamvinnu, með nánu samstarfi við félagasamtök og yfirvöld í héraði, getum við náð góðum árangri.“

Heildarkostnaður verkefnisins starfsárið 2023-2024 nam 27,3 milljónum króna. Á starfsárinu 2022 – 2023 nam kostnaður við verkefnið 24,2 milljónum króna.

## Úganda – Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs

Valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í janúar 2017 er í þágu barna og ungmenna á aldrinum 13 – 24 ára í fátækrahverfum Rubage, Nakawa og Makindye í Kampala, höfuðborg Úganda. Fyrsta fasa verkefnisins lauk í árslok 2019 en á þremur árum náði það til fleiri en 1.500 barna og ungmenna. Í byrjun árs 2020 hófst næsti fasi verkefnisins en honum lauk í árslok 2023. Á fjórum árum náði verkefnið til rúmlega tvö þúsund barna og ungmenna til viðbótar.

Nýr verkefnisfasi hófst í byrjun árs 2024 og nær til og með ársins 2027. Á þeim tíma er áætlað að 1.500 börn og ungmenni geti lært iðn í fjórum smiðjum UYDEL í stað þriggja. Þessar breytingar eru gerðar til að rýmra verði um ungmennin sem taka þátt í verkefninu.

Í Úganda búa um 50 milljónir íbúa. Nær helmingur þeirra er yngri en 15 ára. Þrátt fyrir að langflestir búi í sveitum landsins og lifi af landbúnaði flykkist fólk í síauknum mæli til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Þar bíður flestra hins vegar eymdarlíf í fátækrahverfum en samkvæmt Alþjóðabankanum búa 30% íbúa Kampala við sárafátækt.

Atvinnutækifæri í Kampala eru fá og mörg ungmenni skortir menntun og þjálfun til að eiga möguleika á að sækja um störf eða reyna fyrir sér með eigin rekstur. Börn og unglingar í fátækrahverfunum eru því útsett fyrir misnotkun sökum fátæktar og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Neyðin rekur unglिंगana til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Markmið með verkefni Hjálparstarfsins er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem eykur atvinnumöguleika þess. Einnig að unglिंगarnir taki þátt í uppbyggilegum tómsundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu. Með fræðslu og valdeflingu má koma í veg fyrir að barnungar stúlkur verði þungaðar, hefta útbreiðslu HIV/alnæmis og kynsjúkdóma ásamt því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á að ná til stúlkna, ungra kvenna og einstaklinga með fötlun.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins (LWF DWS) í Úganda og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. UYDEL er einnig leiðandi í málsvastarfi fyrir börn og unglिंगa á landsvísu og yta á aðgerðir gegn mansali og barnaprælkun í álfunni og á heimsvísu.

Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugeti. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglिंगarnir smokka. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglिंगanna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.

UYDEL aðstoðar unglिंगana sem koma í smiðjurnar við að komast á starfsnámssamning hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu. Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf



hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbás og selja til dæmis flíkur sem þau hafa saumað eða viðgerðarþjónustu.

Félagsráðgjafar UYDEL brugðust eindæma vel við neikvæðum afleiðingum COVID-19 og ebólufaraldurs í Úganda. Námskeiðum í verkmenntasmiðjum UYDEL var breytt tímabundið á þann veg að kennd voru fög sem tók skemmri tíma að kenna svo hægt væri að hafa færri nemendur í hverjum tíma en hafa tímana fleiri.

Mikið og gott samstarf er við heilsugæslustöðvar og verkþátturinn um bætt aðgengi unga fólksins að upplýsingum um kynheilbrigði og að heilsugæslu gengur vel. Félagaráðgjafar UYDEL ræða við foreldra unglínganna sem sækja smíðjurnar um heilbrigði samskipti innan fjölskyldna. Sparnaðar- og lánahópar hafa einnig verið myndaðir og eru unglíngarnir að fóta sig í þeim.

Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið VIG vann á starfsárinu óháða lokaúttekt á verkefnisfasa sem lauk í árslok 2023. Úttektin var unnin fyrir og að beiðni utanríkisráðuneytisins en verkefnið er fjármagnað með stuðningi í gegnum rammasamning við ráðuneytið.

Í niðurstöðu úttektar VIG eru 18 tillögur til umbóta settar fram er varða þjálfun og endurgjöf, atvinnu og lífsskilyrði, valdeflingu ungmenna, kynjasambættingu og varnir gegn misnotkun, auk tillagna er varða stjórnáslu verkefnisins. Hjálparstarfið og samstarfsaðilar skoða í framhaldinu hvernig hægt er að bregðast við ábendingum VIG án mikils viðbótarkostnaðar. Breytingar á verkefninu munu koma til framkvæmda á seinni helmingi ársins 2024.

Í umfjöllun ráðuneytisins segir um úttektina að Hjálparstarf kirkjunnar hafi um árabil verið einn af lykil samstarfsaðilum utanríkisráðuneytisins í þróunarsamvinnu. Þar segir að niðurstöður lokaúttektar verkefnafasa sem lauk í árslok 2023 séu jákvæðar.

„Þrátt fyrir áskoranir í starfi, m.a. vegna COVID-19 faraldursins, náði verkefnið settum markmiðum, m.a. hvað varðar aukna samfélagsvitund, nýliðun meðal ungmenna, starfsþjálfun og námslok. Þá fengu tveir af hverjum þremur þátttakenda störf í kjölfar þjálfunar, þrátt fyrir hindranir sem enn á eftir að yfirstiga. Þar að auki hefur verulegur árangur náðst hvað varðar aukið aðgengi ungmennanna að kynfræðslu og getnaðarvörnum, en úttektin sýnir fram á minnkaða áhættuhegðun meðal 82% þátttakenda og að 92% þátttakenda hafi nú grunnþekkingu á sviði kynheilbrigðis.

Davíð Bjarnason, deildarstjóri tvíhliða þróunarsamvinnu, segir í umfjöllun utanríkisráðuneytisins frá því í byrjun apríl sl.:

„Það er afar ánægjulegt að sjá þennan góða árangur sem verkefni íslenskra félagasamtaka hafa skilað. Verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar falla vel að stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, einkum hvað varðar aðstoð við jaðarsetta hópa og samfélög líkt og UYDEL hefur gert í fátækrahverfum Kampala. Eins og úttektin ber með sér tekur verkefnið á mikilvægum málaflokkum og þá þykja áherslur UYDEL hafa stuðlað að því að þróunarmarkmiðum Úganda hafi verið mætt. Félagasamtökin taka þannig virkan þátt á landsvísu og eru stefnumótandi hvað varðar atvinnusköpun og aukin tækifæri fyrir viðkvæman hóp ungmenna í fátækrahverfum Kampala.“

Heildarkostnaður verkefnisins starfsárið 2023-2024 nam 27 milljónum króna.

Á starfsárinu 2022 – 2023 nam kostnaður við verkefnið 19 milljónum króna.



# Fjármál

## Tekjur

Á starfsárinu 2023 – 2024 naut Hjálparstarf kirkjunnar ríkulegs stuðnings við starfið frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, stjórnvöldum og þjóðkirkjunni en alls námu tekjur stofnunarinnar 450 milljónum króna en á starfsárinu 2022 – 2023 námu tekjurnar 457,9 milljónum króna.

Hefðbundin fjáröflunarleið Hjálparstarfsins þar sem fólki á aldrinum 25 - 85 ára er send valgreiðsla í heimabanka var farin í haustsöfnun í ágúst og september og í jóla og páskasöfnun. Eins var safnað með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember.

Hópur Hjálparliða, fólks sem styður starfið með mánaðarlegu framlagi, styrkist jafnt og þétt. Regluleg framlög frá prestum og sóknum þjóðkirkjunnar sem og tekjur af sölu styrktarlína í fréttablaði Hjálparstarfsins, minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) renna einnig stoðum undir starfið.

## Haustsöfnun

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs 2023 með valgreiðslu í heimabanka um 2.900 króna framlag. Alls söfnuðust 10,7 milljónir króna en haustið 2022 söfnuðust 9,2 milljónir króna.

## Jólasöfnun

Í jólasöfnuninni 2023 var safnað fyrir starfið heima og að heiman með valgreiðslu í heimabanka um 3.500 króna framlag. Söfnunin var undir yfirskriftinni „Hjálpumst að heima og heiman“. Alls söfnuðust rétt um 24,6 milljónir króna en í jólasöfnuninni 2022 söfnuðust 21,9 milljónir króna.

## Páskasöfnun

Í páskasöfnun starfsársins 2023 - 2024 var safnað fyrir fólk í efnislegri neyð á Íslandi og á alþjóðavettvangi með valgreiðslu í heimabanka um 3.500 króna framlag. Alls söfnuðust 12,5 milljónir króna í söfnun starfsársins en í páskasöfnun starfsársins 2022 – 2023 söfnuðust einnig 12,5 milljónir króna. Til samanburðar söfnuðust

10,9 milljónir króna í páskasöfnun starfsársins 2020 – 2021 en starfsárið 2021 – 2022 rann páskasöfnun saman við söfnun fyrir mannúðaraðstoð í kjölfar innrásar Rússlandshers í Úkraínu. Þá söfnuðust 26 milljónir króna.

## Fjáröflun með aðstoð barna í fermingarfræðslu

Í nóvember 2023 gengu börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar í hús með bauk frá Hjálparstarfi kirkjunnar í hönd. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Alls söfnuðu fermingarbörnin 8.161.899 krónum en 8.167.538 krónum starfsárið á undan.

Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

## Framlag Hjálparliða

Hjálparliðar styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi og gera stofnuninni betur kleift að rétta þeim hjálparhönd sem á þurfa að halda. Hjálparliðar voru 3.536 talsins í lok starfsársins 2023 – 2024 og nam framlag þeirra samtals 81 milljónum króna.

Í lok starfsárs 2022 – 2023 voru Hjálparliðar 3.476 og nam heildarframlag það starfsár 79,5 milljónum króna.

## Gjöf sem gefur

Á gjafabréfasíðunni [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) er lögð áhersla á að fræða um ólíka verkþætti í verkefnum Hjálparstarfsins, á Íslandi jafnt sem á alþjóðavettvangi. Á starfsárinu 2023-2024 keypti fólk gjafabréf fyrir rétt tæplega 9,8 milljónir króna en 7,9 milljónir árið á undan. Starfsárin tvö þar á undan voru keypt gjafabréf fyrir sömu upphæð, eða 6,7 milljónir króna.


## Styrktarlínur og auglýsingar í Fréttabréfi

Fyrirtæki, félög og stofnanir lögðu starfinu lið með því að kaupa styrktarlínur og auglýsingar í Fréttabréfi Hjálparstarfsins sem kom út þrisvar á starfsárinu 2023-2024. Alls söfnuðust 9,3 milljónir króna frá fyrirtækjum samanborið við 11,5 milljónir króna starfsárið á undan.


## Framlög til verkefna og reksturs

Á starfsárinu 2023-2024 varði Hjálparstarf kirkjunnar 446,3 milljónum króna til verkefna og reksturs. Alls var 135,3 milljónum króna varið til verkefna í þróunarsamvinnu og 36,5 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 185,9 milljónum króna, þar af 47 milljónum króna til Skjólins. Alls var rúmlega 7,7 milljónum króna varið til fræðslustarfs.


### Tekjur námu alls 450 milljónum króna



### Á starfsárinu var 366,9 milljónum króna varið til eftirtalinnna verkefna



### Ráðstöfun til verkefna og reksturs nam samtals 446,3 milljónum króna





# Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

## Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífsgæði þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð á alþjóðavettvangi, neyðaraðstoð, félagsleg ráðgjöf og valdeflandi verkefni innanlands, talsmannshlutverk, fræðsla og fjáröflun.

## Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagasamtaka. Yfirstjórn er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða og leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kýs framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert.

## Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn sem kosin er á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar til eins árs í senn ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2023 – 2024 eru Gunnar Sigurðsson, formaður, Inga Rut Hlöðversdóttir og Erik Pálsson. Varamenn í stjórn eru þau Vigdís Valgerður Pálsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson.

## Starfsfólk

**Bjarni Gíslason** - framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

**Guðný Helena Guðmundsdóttir** - félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

**Guðsteinn Bjarnason** – gjaldkeri, hefur umsjón með skrifstofu

**Kristín Ólafsdóttir** – verkefnastýra erlendra verkefna

**Lovísa Mjöll Kristjánsdóttir** – félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

**Mjöll Þórarinsdóttir** – bókari, umsjón með starfi sjálfboðaliða

**Vilborg Oddsdóttir** - félagsráðgjafi og verkefnastýra innlendra verkefna

**Svavar Hávarðsson** – fræðslu- og upplýsingafulltrúi

**Rósa Björg Brynjarsdóttir** - umsjónarkona Skjólins

**Hrönn Hjálmarsdóttir** - starfskona í Skjólínu

**Una Sigrún Ástvaldsdóttir** - starfskona í Skjólínu

# Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

## Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup

## Skipuð af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson

Pétur Georg Markan

Kristín Magnúsdóttir

Pétur Ragnhildarson

## Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir

## Fulltrúar prófastsdæma

### Reykjavíkurkjördæmi vestra

Halldór Kr. Pedersen

Ólöf Inga Heiðarsdóttir

### Reykjavíkurkjördæmi eystra

Magnús Ásgeirsson

Vigdís Pálsdóttir

### Kjalarnesprófastsdæmi

Vilborg Ólöf Sigurðardóttir

### Vestfjarðaprófastsdæmi

Helga Friðriksdóttir

Svava Björg Þorsteinsdóttir

### Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir

### Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

### Austurlandsprófastsdæmi

Kristín Tómasdóttir

Þuríður Wíium

### Suðurprófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson

Örn Arnarsson

## Fulltrúar prestakalla

### Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

#### Árbæjarsókn

Guðbjörg Helgadóttir

#### Breiðholtssókn

Sophia Kistenmacher

#### Digranessókn

Margrét Loftsdóttir

Brynja Baldursdóttir

#### Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson

#### Hjallasókn

Andrés Jónsson

Soffía Smith

#### Grafarvogssókn

Sigmar Gíslason

Katrín Þorsteinsdóttir

## Lindasókn

Albert Ingimundarson

## Fella- og Hólabrekkusókn

Guðrún Jónsdóttir

Guðmundur Hermansson

## Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir

Álfheiður Árnadóttir

## Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

### Ássókn

Oddgeir Þórðarson

### Bústaðasókn

Magnús Viðar Skúlason

### Dómkirkjusókn

Oddur Björnsson

### Grensássókn

Erik Pálsson

M. Linda Helgadóttir

### Langholtssókn

Anna Þóra Pálsdóttir

## Nessókn

Sveinn Bjarki Tómasson

Ásmundur Jónsson

## Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir

Guðmundur Einarsson

Ólafur Egilsson

## Kjalarnesrófastsdæmi

### Bessastaðasókn

Vilborg Ólöf Sigurðardóttir

### Garðasókn

Heiðrún Jensdóttir

### Kálfatjarnarsókn

Inga Rut Hlökkversdóttir

Símon Georg Rafnsson

### Víðistaðasókn

Steingerður Jóhannsdóttir

## Suðurrófastsdæmi

### Selfosssókn

Vilhjálmur E. Eggertsson

Þórður G. Árnason

## Kotstrandarsókn

Edda Lydia Þorsteinsdóttir

## Ofanleitissókn

Kolbrún Sól Ingólfsdóttir

Aðalheiður Pétursdóttir

## Kirkjubæjarklaustursókn

Elín Anna Valdimarsdóttir

Arndís Jóhannsdóttir

## Vesturlandsrófastsdæmi

### Akranessókn

Sigríður Kr. Valdimarsdóttir

Ragnheiður Grímsdóttir

### Stykkishólmssókn

Áslaug Kristjánsdóttir

## Eyjafjarðarrófastsdæmi

### Akureyrarsókn

Jón Oddgeir Guðmundsson



Hjálparstarf kirkjunnar hefur á starfsárinu 2023-2024 lagt áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 10 og 17.



## Starfsskýrsla Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2023-2024

Ritstjórn: Svavar Hávarðsson, fræðslu- og upplýsingafulltrúi

Hönnun: Birgir Þorsteinn Jóakimsson

Forsíðumynd: Hjálparstarf kirkjunnar